



Skólaskýrsla Grenivíkurskóla og ársskýrslur teyma



**Skólaárið
2025-2026**

Efnisyfirlit

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð	2
2. Mannauður og skóladagar	3
3. Nám og kennsla	7
3.1 Stöðu- og framvindupróf Matsferils	7
3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn	8
3.3 Þróunarverkefni	8
4. Úr skólalífinu	11
5. Símenntun	13
6. Innra mat og námskrá	14
7. Ársskýrslur teyma	15
7.1 Ársskýrsla teymis yngsta stigs (1.-4. b.) skólaárið 2025-2026	15
7.2 Ársskýrsla miðstigsteymis (5.-7. b.) skólaárið 2025-2026	25
7.3 Ársskýrsla unglingastigsteymis (8.-10. b.) skólaárið 2025-2026	32
7.4 Ársskýrsla - handmennt og myndmennt - skólaárið 2025-2026	40
7.5 Ársskýrsla stoðteymis - skólaárið 2025-2026	48
8. Lokaorð	50

Viðaukar

Nemendaskrá 2025-2026

Skóladagatal 2025-2026

1. Stefna skólans – Hugur, hönd og heimabyggð

Starfsfólk Grenivíkurskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Vel skipulagt og öruggt vinnuumhverfi.
- Vel skilgreind og skýr námsmarkmið.
- Góða daglega stjórnun.
- Framfarir í námi hvers nemanda.
- Góðar aðstæður til náms og starfa.
- Virkt eftirlit með námi nemenda.
- Gott samstarf heimila og skóla.

Leitast skal við að haga skólastarfinu í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Áhersla er lögð á að nýta námstímann vel og að allir nýti hæfileika sína til fulls. Skólaheitið okkar er:

„Ég kem í skólann til að læra og gera mitt besta“.

Stefna skólans felur m.a. í sér að skólinn vinni markvisst að því:

- Að búa nemendum hlýlegt, heilsusamlegt og þroskavænlegt námsumhverfi.
- Að efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda, örva sjálfstæða hugsun og temja þeim ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- Að vekja athygli nemenda á þeim möguleikum sem heimabyggð þeirra hefur upp á að bjóða varðandi búsetu og atvinnu.
- Að efla félagsþroska nemenda meðal annars með því að þeir taki þátt í að móta eigið starfsumhverfi, félags- og menningarlíf.
- Að fræða nemendur og gera þá færa um að afla sér þekkingar og leikni og að temja sér hagkvæm vinnubrögð.
- Að allir nemendur finni tilgang með því að vera í skólanum.
- Að auka umhverfismennt nemenda með verkefnum tengd endurvinnslu og náttúruvernd.
- Að stuðla að hollu mataræði og aukinni hreyfingu meðal barna, unglinga og fjölskyldna þeirra.

2. Mannauður og skóladagar

Haustið 2025 voru 48 nemendur í Grenivíkurskóla. Einn nemandi bættist við eftir páskafrí og um vorið voru nemendur því 49.¹ Náms hópar voru að grunninum til þrír, 1.-4. bekkur var í einum námshópi, 5.-7. bekkur í öðrum og 8.-10. bekkur í þeim þriðja. Skólinn hélt áfram með teymiskennslu á skólaárinu og voru 2-3 kennarar sem mynduðu teymi utan um hvern námshóp. Teymum var svo í

¹ Sjá viðauka 1 – nemendaskrá 2025-2026.

sjálfsvald sett hvort, og þá með hvaða hætti, námshópunum var skipt í smærri hópa í kennslu. Stoðteymi starfaði svo þvert á námshópa.

Bekkur/hópur	Kennarar í teymi	Fjöldi nemenda (við skólalok)
1.–4. bekkur	- Sarah Skindbjerg Larsen (umsjónarkennari) - Steinunn Adolfsdóttir (umsjónarkennari) - Kolbrún Hlín Stefánsdóttir (sá einnig um hand- og myndmenntakennslu á öllum stigum) - Emilia Bela (stuðningsfulltrúi)	1. bekkur: 7 2. bekkur: 5 3. bekkur: 3 4. bekkur: 4 Samtals: 19
5.-7. bekkur	- Ellen Sif Skúladóttir (umsjónarkennari) - Hólmfríður Björnsdóttir (umsjónarkennari)	5. bekkur: 2 6. bekkur: 7 7. bekkur: 2 Samtals: 11
8.-10. bekkur	- Edda Björnsdóttir (umsjónarkennari) - Inga María Sigurbjörnsdóttir (umsjónarkennari) - Oddný Jóhannsdóttir	8. bekkur: 6 9. bekkur: 6 10. bekkur: 7 Samtals: 19

Stoðteymi	- Arnheiður Björk Harðardóttir (iðjuþjálfari) - Guðrún Árnadóttir (fagstjóri stuðningskennslu og tengiliður farsældar) - Þorgeir Rúnar Finnsson	
-----------	---	--

Kennarastundir voru um 210 í viku við upphaf skólaárs. Sem fyrr segir starfaði stoðteymi þvert á námshópa og sinnti stuðningskennslu.

Stöðugildi kennara við skólann voru um 8,1 við upphaf skólaárs auk 1 stöðugildis skólastjóra, iðjuþjálfara í 60% starfi og stuðningsfulltrúa í um 70% starfi. Þar að auki sáu kennarar frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Una Haraldsdóttir og Aevan Vassiljev, um tónmenntakennslu á yngsta stigi og marimbukennslu á miðstigi, samtals 4 kennslustundir í viku.

Boðið var upp á Frístund fyrir nemendur í 1.-4. bekk í fyrsta sinn í nokkur ár, frá kl. 14-16 alla daga nema föstudaga. Emilia Bela var starfsmaður Frístundar auk þess að starfa sem stuðningsfulltrúi. 8-11 börn voru í Frístund í vetur og gekk starfið vel.

Kennarar/leiðbeinendur - starfshlutfall að hausti:

1. Björn Andri Ingólfsson ⇨ 46,15% starf (afleysing í íþróttakennslu til 30. apríl, Gabríela Sól Magnúsdóttir kom inn í 100% starf frá 1. maí).
2. Edda Björnsdóttir ⇨ 80,77% starf.
3. Ellen Sif Skúladóttir ⇨ 100% starf.
4. Guðrún Árnadóttir ⇨ 84,62% starf.
5. Hólmfríður Björnsdóttir ⇨ 100% starf. Staðgengill skólastjóra.
6. Inga María Sigurbjörnsdóttir ⇨ 100% starf.
7. Kolbrún Hlín Stefánsdóttir ⇨ 84,62% starf.
8. Oddný Jóhannsdóttir ⇨ 30,77% starf.
9. Sarah Skindbjerg Larsen ⇨ 100% starf.
10. Steinunn Adolfsdóttir ⇨ 84,62% starf.

11. Þorgeir Rúnar Finnsson ⇨ 100% starf sem skólastjóri. Sinnti einnig afleysingakennslu, mismikið eftir mánuðum.

Annað starfsfólk:

1. Alicja Jolanta Karkowka ⇨ Skólaliði - 90,77% starf.
2. Arnheiður Björk Harðardóttir ⇨ Iðjuþjálfari - 60% starf.
3. Brynhildur Jóna Helgadóttir ⇨ Skólaliði - 72,64% starf.
4. Emilia Bela ⇨ Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í Frístund - 90,77% starf (68,07 sem stuðningsfulltrúi og 22,70 sem starfsmaður í Frístund).
5. Kristín Björg Sigurðardóttir ⇨ Matráður - 41,84% starf.
6. Óli Rúnar Ólafsson ⇨ Matreiðslumaður - 100% starf.
7. Stefanie Lohmann ⇨ Matráður - 40% starf.
8. Stefán Hrafn Stefánsson ⇨ umsjónarmaður fasteigna - 30% starf.

Sesselja Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur, starfaði við skólann fram að áramótum og Kristbjörg Heiður Kristjánsdóttir kom í hennar stað eftir páskafrí. Þá var Anna Bára Bergvinsdóttir skólabílstjóri.

Einhverjar starfsmannabreytingar verða í skólanum fyrir næsta vetur. Ellen Sif Skúladóttir og Arnheiður Björk Harðardóttir halda til annarra starfa en þær Gabríela Sól Magnúsdóttir og Inga Raket Ísaksdóttir koma inn á nýjan leik að loknu fæðingarorlofi. Þá fer Þorgeir Rúnar Finnsson, skólastjóri, í námsleyfi á næsta skólaári og mun Aníta Jónsdóttir leysa stöðu skólastjóra í afleysingum.

Skóladagar voru 180 á skólaárinu, eins og sjá má á skóladagatali.² Veður var með besta móti meira og minna allan veturinn og ekki kom til þess að fella þurfti niður skólahald.

Nemendaráð

Nemendur á mið- og unglingastigi kusu fulltrúa í nemendaráð sem stjórnaði félagslífi nemenda í vetur. Þá sátu fulltrúar nemendaráðs í skólaráði. Leita þarf leiða til að efla starf nemendaráðs í skólanum, það hefur verið með minnsta móti síðustu ár. Af unglingastigi voru kosnir þrír fulltrúar en tveir af miðstigi. Í nemendaráði skólaárið 2025-2026 sátu: *Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir - formaður, Ágúst Hrafn Guðjónsson - gjaldkeri, Sindri Páll Ragnarsson - ritari, Lilja Katrín Harðardóttir og Páll Þórir Þorkelsson - meðstjórnendur.*

² Sjá viðauka 2 – skóladagatal 2025-2026.

3. Nám og kennsla

Skipulag náms og kennslu var með svipuðum hætti og undanfarin ár og áfram var unnið eftir skipulagi teymiskennslu. Áður hefur verið minnst á hópaskipan, en nemendum var skipt í 3 námshópa, eftir stigum; yngsta stig (1.-4. bekkur), miðstig (5.-7. bekkur) og unglingastig (8.-10. bekkur). Utan um hvern námshóp var skipað kennarateymi sem sá um undirbúning og framkvæmd kennslu í þeim hópi. Yfirleitt voru tveir eða fleiri kennarar að kenna hópnum í einu og gátu ýmist kennt stærri hóp saman eða skipt hópnum niður í smærri einingar, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Þá var skóladagur allra nemenda, frá 1.-10. bekk, áfram samræmdur. Allir nemendur fengu 35 kennslustundir (kst) á viku og unglingastigið var svo með 2 kst til viðbótar í utanskólavali. Skóli hófst kl. 8:20 og skóla lauk kl. 14:00 alla daga vikunnar. Á miðstigi fengu nemendur 2 kst í frjálssu vali og á unglingastigi 4 kst (auk 2 kst í utanskólaval). Áfram var reynt að tryggja fjölbreytni í valgreinum og var skólaárinu skipt upp í þrjár lotur þar sem nemendur höfðu val um 3-4 greinar í hverri lotu. Gafst vel að hafa loturnar þrjár til að tryggja nægan tíma fyrir hverja valgrein. Þær valgreinar sem voru kenndar í vetur voru: *útivistarval (gönguferð í Gil)*, *hjólaaval*, *leiklist*, *spilasmíðja*, *bakstur*, *myndlist*, *þrjónaval*, *tónlistarval* og *pílu- og spaðaval*.

Áfram hófum við flesta morgna á yndislestri og morgunhreyfingu, en á þriðjudögum var samvera hjá öllum nemendum og á fimmtudögum var gæðahringur. Í lestri/hreyfistund hefja nemendur daginn á 15-20 mínútna lestri og halda svo í 15-20 mínútna hreyfingu. Oft var farið í göngutúra eða út að leika en einnig farið í Just Dance í íþróttasalnum, í útileiki, jóga, stöðvaþjálfun og dansaðir gömlu dansarnir svo eitthvað sé nefnt. Heilt yfir gengu þessar morgunstundir vel.

Skólaárinu er skipt í þrjár annir. Nemendur fengu afhent formlegt námsmat á skólaslitum í maí. Námsmatið byggir að miklu leyti á leiðsagnarmati og símati, það er verið að meta nemendur allt árið. Þeir taka stuttar kannanir, próf, skila verkefnum, vinna verkefni í tíma, samvinnuverkefni og fleira. Allt þetta er lagt til grundvallar námsmati nemenda. Foreldraviðtöl voru tekin í upphafi skólaárs hjá nemendum í 1. bekk og í nóvember og febrúar hjá öllum nemendum skólans. Í ár var aftur hafður sá háttur á að hafa nemendastýrð samtöl hjá öllum nemendum í febrúar. Þau tókust vel og verða þróuð áfram á komandi skólaári.

3.1 Stöðu- og framvindupróf Matsferils

Í mars voru í fyrsta sinn lögð fyrir samræmd stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Prófin eru skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk, en valkvæð í öðrum árgöngum. Í Grenivíkurskóla var ákveðið að leggja prófin fyrir í öllum árgöngum. Tilgangur stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemanda og framvindu í námi, hvar áskoranir og styrkleikar liggja svo hægt sé að mæta námslegum þörfum nemenda á árangursríkan hátt.

Fyrirlögn prófanna gekk vel og almenn ánægja hjá kennurum með prófin og hvernig niðurstöður þeirra eru birtar. Mikilvægt er að nota niðurstöðurnar til skipulagningar náms og kennslu svo þau megi nýtast sem best í þágu nemenda.

3.2 Samstarf við foreldra/forráðamenn

Samstarf við foreldra og forráðamenn hefur almennt gengið mjög vel. Ýmis tækifæri gáfust til að bjóða fólki á viðburði, svo sem tónleika, leiksýningar og fleira. Samskipti í gegnum síma, fésbók og tölvupóst eru áfram mikil og starfsfólk skólans hefur þannig verið í góðu sambandi við heimilin. Öll heimili nemenda eru nettengd og hafa aðgang að tölvupósti. Nær allir foreldrar eru tengdir fésbókinni og eru inni á lokuðum hóp Grenivíkurskóla og á lokuðum bekkjarsíðum þar sem fréttum, myndum og tilkynningum er deilt. Kennarateymi senda út vikulega upplýsingapósta þar sem farið er yfir það helsta sem unnið var með í vikunni og það sem er á döfinni hjá hverjum námshópi. Þá heldur skólinn úti heimasíðu þar sem nálgast má allar upplýsingar um skólann. Enn fremur er gefið út mánaðarlegt fréttabréf þar sem farið er yfir það helsta sem gerist í skólastarfinu, birtar myndir og fleira.

Foreldraviðtöl með nemendum: Í upphafi skólaársins komu foreldrar nemenda í 1. bekk í foreldraviðtöl en miðvikudaginn 11. nóvember og dagana 8. og 9. febrúar mættu svo allir nemendur skólans í viðtal til umsjónarkennara ásamt forráðamönnum. Þar var farið yfir stöðuna í náminu, líðan, samskipti í hópnum og ýmislegt fleira. Í febrúarviðtölunum voru nemendastýrð samtöl í öllum hópum og gengur það fyrirkomulag almennt vel.

Foreldraspjall/bekkjарfundir: Í september voru haldnir bekkjarfundir með foreldrum úr hverjum námshópi. Þar var farið yfir komandi vetur, heimalestrarviðmið kynnt, og foreldrar fengu tækifæri til að segja frá sínu barni og spyrjast fyrir um hitt og þetta. Fundirnir voru vel sóttir og gengu vel.

3.3 Þróunarverkefni

Teymiskennsla

Haustið 2021 hóf Grenivíkurskóli að innleiða teymiskennslu í skólanum. Ingvar Sigurgeirsson, kennslufræðingur, var skólanum til ráðgjafar og stuðnings í þessari vinnu. Í teymiskennslu mynda nokkrir kennarar teymi utan um hóp nemenda, bera sameiginlega ábyrgð á þeim hópi og kenna að einhverju eða öllu leyti saman, allt eftir aðstæðum hverju sinni. Kostir teymiskennslu og teymisvinnu er margir og ótvíræðir og reynsla þeirra skóla sem hafa farið þessa leið nær undantekningalaust jákvæð. Samvinna kennara hefur í för með sér fjölbreyttari nálgun á nám og kennslu, sameiginleg ábyrgð á nemendahópi er styrkur fyrir nemendur jafnt sem kennara, og sá faglegi stuðningur og það faglega samtal sem verður til í kennarateymunum er afar mikilvægt. Teymiskennsla og teymisvinna eykur einnig sveigjanleika í námi, styður við einstaklingsmiðun og getur skapað vinnuhagræðingu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín.

Á þessu fimmta ári hafa kostir teymiskennslu áfram sýnt sig. Faglegt samstarf hefur aukist, auðveldara er að leysa forföll, og þar sem ábyrgðinni er dreift milli kennara verður forfallakennsla oft markvissari en áður. Heilt yfir hafa nemendur jafnt sem kennarar lýst ánægju sinni með breytingarnar. Áskoranir eru þó áfram til staðar. Aldurs- og þroskabil í svo breiðum hópum getur verið snúið að eiga við og stundum reynist erfitt að finna nægan tíma til sameiginlegs undirbúnings.

Við ætlum að halda áfram að þróa teymiskennsluna við skólann og leggja þar áherslu á fjölbreytta og skapandi kennsluhætti, samþættingu námsgreina og verkefna miðað nám.

Grænfáninn

Vorið 2007 flaggaði Grenivíkurskóli Grænfánanum í fyrsta sinn, en fáninn er alþjóðleg viðurkenning á því að skólinn stendur sig vel í umhverfismálum. Vorið 2009 fengum við Grænfánann aftur, þann 13. október 2011 fengum við fánann í þriðja sinn og fjórði fáninn var afhentur haustið 2013. Vorið 2016 fékk skólinn fánann afhentan í fimmta sinn og haustið 2018 í sjötta sinn. Í vetur hefur verið lögð áhersla á að halda áfram á sömu braut, þ.e. flokka rusl, endurnýta pappír, ganga vel um náttúruna o.s.frv. Við höldum áfram við moltugerð og settum t.d. moltu á tré í nágrenni skólans. Nemendur sjá um að setja í moltutunnuna ásamt matræði, umsjónarkennurum og heimilisfræðikennurum, en starfsmenn hreppsins hafa aðstoðað okkur við tæminguna.

Stefnan var sett á að sækja um endurnýjun á Grænfánanum vorið 2026 en það tókst ekki. Á næsta skólaári er stefnt að því að sinna verkefninu betur og markmiðið að sækja um endurnýjun á Grænfánanum vorið 2027.

Útiskólinn

Útiskóli var ekki settur í stundatöflur nemenda á þessu ári, en kennarateymi hvött til þess að nýta umhverfi skólans til náms og kennslu. Fjölbreytt verkefni voru unnin sem tengdust nærsamfélaginu og farið í ýmsar vettvangsferðir.

Útikennsla er frábær leið til þess að nýta umhverfið í leik og starfi og áfram verða teymi hvött til þess að vinna fjölbreytt, samþætt útiverkefni þar sem fléttast saman t.d. íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og aðrar greinar.

Stefnt er að því að setja útikennslu aftur inn á stundatöflu nemenda á yngsta stigi á komandi skólaári.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Grenivíkurskóli hefur verið þátttakandi í Olweusaráætluninni gegn einelti frá árinu 2010, en áætlunin skapar grunn að eineltisforvörnum, og þeim viðbrögðum sem viðhöfð eru þegar kemur að eineltismálum í skólanum. Í gæðahring fjalla umsjónarkennarar um einelti og afleiðingar þess. Gæðahringur er einu sinni í viku og þar gefst gott tækifæri til þess að stunda markvissa forvörn.

Í vetur útbjuggu nemendur og starfsfólk skólans myndir og festu á græna karlinn okkar til marks um að þau ætli að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn einelti. Ekki var framkvæmd Olweusarkönnun um einelti þetta árið og óvíst með framhald verkefnisins á landsvísu, en Grenivíkurskóli mun þó áfram starfa eftir hugmyndafræði þess.

Byrjendalæsi

Haustið 2011 hófu Grenivíkurskóli og Valsárskóli í sameiningu að innleiða Byrjendalæsi í skólunum. MSHA, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, stýrði verkefninu, sem miðar að meiri fjölbreytni í kennsluaðferðum lestrarkennslu. Þróunarverkefnið tók tvö ár og tekur til íslenskukennslu og ákveðinnar samþættingar á yngsta stigi. Kennarar á yngsta stigi notfæra sér aðferðir byrjendalæsis. Stefnt er að því að halda áfram að kenna í anda Byrjendalæsis á yngsta stigi næsta vetur og fara bæði nýir og gamlir kennarar á námskeið vegna þess.

4. Úr skólalífinu

Skólaasetning og skólaslit: Grenivíkurskóli var settur mánudaginn 25. ágúst 2025. Skólinn var settur að morgni, úti á leiksvæði skólans, og að skólaasetningu lokinni var útivistardagur. Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn föstudaginn 5. júní 2026. Þá fengu nemendur afhent námsmat skólaársins og nemendur í 10. bekk voru útskrifaðir úr skólanum.

Gönguferð í Gil: Nemendur í útivistarvali fóru ásamt kennurum í gönguferð í Gil, þar sem var gíst. Vel heppnuð og afar skemmtileg ferð.

Útivistardagar: 25. og 26. ágúst voru útivistardagar. Annan daginn var haldið á lðnaðarsafnið á Akureyri og farið í Kjarnaskóg en hinn daginn var farið í berjamó, göngutúr og sund á Grenivík.

Ólympíuhlaup ÍSí: 9. september tóku nemendur skólans þátt í Ólympíuhlaupi ÍSí. Nemendur gátu valið um að hlaupa allt frá 2,5 og upp í 10 kílómetra og raunar hlupu þau sem fóru lengst rúmlega það, þar sem farið var í kringum Höfðann.

Danstímar: Jóhanna Elín danskennari kom til okkar sl. haust og kenndi dans. Kennslunni lauk svo með glæsilegri danssýningu sem haldin var þann 7. nóvember og var vel sótt af gestum.

Hrekkjavaka: Nemendur og starfsfólk klæddu sig í skrautlega búninga og gerðu sér glaðan dag í tilefni Hrekkjavökunnar þann 31. október.

Tónleikar: Nemendur Tónlistarskóla Eyjafjarðar spiluðu á tveimur tónleikum í skólanum á skólaárinu. Samstarf við Tónlistarskólann er mjög gott og eru kennarar ávallt tilbúnir að taka þátt í undirbúningi ýmissa upptákoma, svo sem Vorskemmtunar og fleira.

Skólabúðirnar á Reykjum: Nemendur í 7. og 8. bekk fóru í skólabúðirnar á Reykjum í Hrótafirði í október.

Jól í skókassa: Við tókum þátt í verkefninu „jól í skókassa“ í og sendum frá okkur rúmlega 20 kassa fulla af góðum og gagnlegum hlutum.

Desember: Síðustu vikurnar fyrir jólafrí litast af jólaundirbúningi. Við sungum jólalög, gerðum laufabrauð, skreyttum stofur, fórum í kyndlagöngu og margt fleira.

Litlu jólin: Litlu jól nemenda og starfsmanna voru föstudaginn 19. desember. Jólasveinarnir kíktu í heimsókn og síðan var farið í græna salinn þar sem nemendur þökkuðu fyrir pakkana, fóru í leiki og dönsuðu í kringum jólatréð.

Þorrablót: Þann 22. janúar slógu nemendur og starfsfólk upp þorrablótí í skólanum. Nemendur fluttu pistil, voru með bingó og fluttu skemmtiatriði auk þess sem kennarar settu lítinn leikpátt á svið.

Vorskemmtun: Nemendur og starfsfólk skólans settu Línu langsokk á svið í upphafi apríl. Sýndar voru tvær sýningar við góðar undirtektir.

Skíðadagur: Árlegur skíðadagur var þann 25. mars í blíðskaparveðri í Hlíðarfjalli.

Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7. bekk í Grenivíkurskóla, Grunnskóla Fjallabyggðar, Dalvíkurskóla, Þelamerkurskóla og Hrafnagilsskóla tóku þátt í lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar sem að þessu sinni var haldin í Tjarnarborg í Ólafsfirði í lok apríl. Trausti Loki og Tristan Logi Stefánssynir voru fulltrúar Grenivíkurskóla og stóðu sig með mikilli þrýði, en Trausti endaði í 2. sæti í keppninni.

Samskólasamstarf: Nemendur á miðstigi annars vegar og unglingastigi hins vegar hittu nemendur í samskólunum (Stórutjarnaskóla, Valsárskóla og Þelamerkurskóla) tvívegis í vetur. Dagarnir voru vel heppnaðir.

Útivistardagar að vori: Miðvikudaginn 3. júní og fimmtudaginn 4. júní voru útivistardagar. Nemendur fóru í frábæra ferð í Laufás, léku sér úti og fóru í hjóla- og göngutúra svo eitthvað sé nefnt.

Nemendaráð: Nemendaráðið stóð fyrir uppákomum eins og þemadögum í vetur.

Samvera á Svæði: Í fyrsta tíma á þriðjudögum er samvera á svæði. Ýmislegt var gert á þessum samverustundum í vetur; rætt um málefni sem snerta nemendur, lesið, farið yfir þær skráðu og óskráðu reglur sem gilda manna á milli, æft fyrir Vorskemmtun, verkefni nemenda kynnt, sungið og ýmislegt fleira.

Gestir: Allnokkrir gestir komu í heimsókn til okkar í vetur. Rithöfundarnir Bergrún Íris Sævarsdóttir og Elísabet Thoroddsen komu í heimsókn í tengslum við verkefnið Skáld í skólum, Þorgrímur Þráinsson kom með fræðslu fyrir nemendur á unglingastigi, fulltrúar frá Glímusambandi Íslands kynntu íþróttina, Ágúst Brynjarsson var með tónleika og fulltrúar frá samfélagslögreglunni kíktu í heimsókn svo eitthvað sé nefnt.

Annað: Veturinn var mildur og veðurfar almennt mjög gott. Runólfur (kveðjuhátið 10. bekkinga) var á sínum stað, nemendur sóttu leiksýningar, skáru út laufabrauð á Grenilundi, fóru í siglingu með Húna, í skíðaferð og skautaferð, á samskóladaga, og brösuðu ýmislegt fleira.

Samið var við Bergið headspace um viðveru ráðgjafa á vorönn. Bergið er lágþröskulþjónusta sem býður upp á stuðning og ráðgjöf fyrir ungt fólk án tilvísana. Ráðgjafi var í skólanum í 8 skipti og var góð nýting á þeim tímum sem boðið var upp á. Búið er að skrifa undir nýjan samning til næstu þriggja ára og er það afar jákvætt að hægt sé að bjóða upp á þessa þjónustu.

Meira er sagt frá uppbrotsdögum og heimsóknum í ársskýrslum teyma, neðar í þessari skýrslu. Einnig má lesa um flest það sem gert var í vetur á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum sem gefin eru út mánaðarlega á starfstíma skólans og eru aðgengileg á heimasíðunni.

5. Símenntun

Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst á ári til símenntunar og undirbúnings kennara.

Þennan texta er að finna í kjarasamningi KÍ. Í Grenivíkurskóla hefur verið mörkuð sú stefna að hafa endurmenntun kennara markvissa og með þeim hætti að hún skili sem mestum árangri fyrir hópinn og skólasamfélagið í heild. Skipta má starfsþróun kennara í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Símenntun fer að mestu fram á starfstíma skólans. Af þeirri endurmenntun sem allir kennarar skólans sóttu í vetur má nefna fræðslu um málþroskaröskun, forvarnir og sköpun.

Kennarar sóttu sér einnig fjölbreytta fræðslu á eigin vegum, t.d. sem tengist þeirra kennslugreinum, með lestri fræðigreina og bóka, áhorfi á fræðsluþætti o.s.frv.

Kennarar skrá niður símenntun og halda utan um þessa skráningu í sérstakri símenntunarmöppu á sameignardrifi kennara. Á vorin skila þeir svo af sér til skólastjóra.

Símenntunaráætlun fyrir næsta skólaár liggur fyrir en þar eru áhersluþættirnir til dæmis teymisvinna/teymiskennsla, lýðheilsa, upplýsingatækni, hæfnimiðað nám og námsmat og fleira.

6. Innra mat og námskrá

Unnið var samkvæmt skólanámskrá Grenivíkurskóla í vetur og fór ýmis konar innra mat fram í tengslum við starfsemi skólans.

Þær breytingar sem verið hafa í þróun undanfarið ár, hvað varðar teymiskennslu og breyttan skóladag, voru reglulega ræddar og ígrundaðar, t.d. á kennarafundum, í skólaráði o.s.frv. Lagðar voru fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir starfsfólk og foreldra og stefnt að því að leggja slíkar kannanir fyrir nemendur á næsta skólaári.

Niðurstöður úr foreldraviðtölum voru reifaðar, athugasemdir og ábendingar frá foreldrum ræddar og ígrundaðar og leitað var lausna á því sem þar kom fram. Þá fékk allt starfsfólk tækifæri til þess að ræða um skólastarfið í starfsþróunarsamtali við skólastjóra á vorönn. Þessi samtöl voru almennt góð og niðurstöðurnar jákvæðar.

Ítarlegri niðurstöður varðandi innra mat í skólanum verða settar fram í sérstakri skýrslu ásamt umbótaáætlun.

7. Ársskýrslur teyma

Kennarateymi skila sérstakri ársskýrslu að loknu hverju skólaári. Þar koma fram ýmis konar hagnýtar upplýsingar um námsumhverfi og skipulag, kennslu, samstarf og ýmislegt fleira. Tilgangur þessara ársskýrslna er einkum tvíþættur; annars vegar er þetta góð leið fyrir kennarateymi að rýna í starfið í vetur, sjá hvað hefur gengið vel og einnig hvar gera má umbætur. Hins vegar geta þessa skýrslur verið nytsamlegar fyrir skólastjóra, nýja kennara, sem og þá kennara eða þau teymi sem taka við námshópi, upp á að geta skoðað það skipulag sem notað var, námsefni o.s.frv.

7.1 Ársskýrsla teymis yngsta stigs (1.-4. b.) skólaárið 2025-2026

1. Teymi og nemendur 1. - 4. bekkjar

Nemendafjöldinn í 1. - 4. bekk var 18 í skólabyrjun, 6 stúlkur og 12 drengir. Um veturinn byrjaði 1 drengur í 2. bekk. Bekkirnir voru því sjö nemendur í 1. bekk, fimm í 2. bekk, þrír í 3. bekk og fjórir í 4. bekk. Umsjónarkennarar voru Steinunn Adolfsdóttir og Sarah S. Larsen. Emilia Bela var stuðningsfulltrúi og sá um Frístund. Kennarar sem komu aukalega inn eða í afleysingar við kennslu voru Kolbrún Hlín Stefánsdóttir, Björn Andri Ingólfsson, Gabríela Sól Magnúsdóttir, Ellen Sif Skúladóttir og Una Haraldsdóttir.

2. Námsumhverfi og skipulag

Námshópar/hópaskipting/umsjón

Í byrjun haustannar var lagt upp með samkennslu námshópsins í þeim tímum sem kennt væri byrjendalæsi auk einstaka stærðfræði- og íslensku tíma. Við höfðum til umráða tvær kennslustofur og í annarri þeirra var heimastofa alls hópsins þar sem börnin áttu merkt borð, gáma og námsgögn.

Nemendum var oft skipt í tvo hópa, 1.- 2. bekkur og 3. - 4. bekkur, fyrir íþrótt- og sundkennslu sem og list- og verkgreinar, náttúru/samfélagsfræði og í ensku. Þar sem skólinn er einsetinn til klukkan 14 þá var yngsta stig með tvær auka kennslustundir eftir hádegi, tvo daga vikunnar. Þessar kennslustundir voru nýttar í skapandi vinnu, lífsleikni og frjálsan leik.

Einu sinni í viku fengum við heimsókn frá félagi eldri borgara á Grenivík, Ella-félögum. Nemendur voru teknir úr íslenskutíma og lásu fyrir Ella-félaga, einn nemandi í einu á hvern félaga, í einrúmi í 10-20 mínútur. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og kunnum við þeim Ella-félögum miklar þakkir fyrir.

Stundatafla, dagskipulag og kennslufyrirkomulag

Kenndar voru 35 stundir á viku frá klukkan 8:20 að morgni til 14:00 á daginn.

Dagarnir byrjuðu á því að setja daginn sjónrænt upp á sjónvarpið, farið yfir dagsetningu, vikudag, skipulag dagsins og hvað væri í matinn. Notast var við nýjung sem kallast Classroom Screen þar sem varpað var upp rafrænt helstu upplýsingum fyrir nemendur. Þriðjudagsmorgna var samverustund þar sem allir nemendur komu saman. Fimmtudagsmorgna var gæðahringur. Aðra morgna var ýmist lesið fyrir nemendur eða þau lásu sjálf áður en þau fóru í hreyfistund. Í hreyfistundum var farið í göngutúr/skokk, dansað, sungið, og farið í leiki úti og inni. Yngsta stig var með afnot af salnum alla föstudagsmorgna þar sem farið var ýmist í frjálsan leik eða skipulagða hreyfingu kennara. Að lokinni hreyfistund fóru allir nemendur í morgunmat. Boðið var upp á hafragraut og ávexti 4 sinnum í viku og morgunkorn, ab mjólk og ávexti þrisvar sinnum í viku. Frímínútur voru þrisvar á dag, í 5 mínútur eftir morgunmat, 15 mínútur fyrir hádegi og 15 mínútur eftir hádegi.

Kennsluhættir og aðferðir

Þeir kennsluhættir og aðferðir sem voru mest nýttar með 1. - 4. bekk voru: byrjendalæsi, einstaklingsmiðuð kennsla, skoðunarferðir, stöðvar, umræðu- og samvinnunám og leiðsagnarnám. Einnig var stuðst við umbunarkerfi þar sem verðlaunað var fyrir góða hegðun. Nemendur söfnuðu sér stigum sem þau gátu notað til þess að velja af gleðilista, en þessi hugmynd kemur frá vinnunni í tengslum við Hugarfrelsi. Oft var hugmyndafræði Byrjendalæsis nýtt og fléttað saman í þemu sem tengdist öðrum námsgreinum.

Leitast var eftir að hafa kennsluhætti fjölbreytta s.s. unnið í stöðvum og hópastarfi þar sem skipt var í hópa út frá þörfum. Ávallt var reynt að aðlaga námsefnið að ólíkum þörfum nemenda eða haga því þannig að þeir einstaklingar sem unnu að verkefnum fengju bæði hjálp og stuðning við hæfi. Nemendur fengu að spreyta sig í bæði para- og einstaklingsvinnu.

Námsáætlanir

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar í skipulagi og starfi. Grunnþættir menntunar sem snúa að læsi, heilbrigði, sjálfbærni og velferð, auk lýðræðis, jafnréttis, sköpun og mannréttindum. Tekið var tillit til lykilhæfnipátta við gerð námsáætlana og hópaskiptingar, til að þjálfa lykilhæfni nemenda. Lögð var áhersla á að efla sjálfstæð vinnubrögð, samvinnunám og einstaklingsvinnu.

þeir kennsluhættir og/eða aðferðir sem við nýttum okkur voru byrjendalæsi, bein kennsla, sýnikennsla, umbunarkerfi og námsaðlögun. Unnið var einstaklingslega, í stöðvavinnu, þarfaskiptum hópum og stærri hópum þar sem stundum var einn kennari með hópinn og þá var ekki hægt að skipta hópnum niður í smærri einingar. Kennurum finnst best að kenna litlum hópum og nemendur fengu þannig meiri stuðning frá kennara. Vinnuþolið var mismunandi hjá nemendum og vorum við fljót að átta okkur á þoli og þörfum nemenda. Kennslustundir voru 80 mínútur, en ákváðum við að taka upp svokallaðar “heilapásur” þar sem við brutum upp lotur hjá nemendum og leyfðum 5 mínútna tilbreytingu sem felst í því að gera eitthvað annað en að læra, s.s. hlaupa hring í kringum skólann, hreyfispjöld, vatn og ávextir. Ávallt var reynt að aðlaga námsefnið að ólíkum einstaklingum eða haga því þannig að þeir einstaklingar sem unnu að verkefnum fengju bæði stuðning og hjálp við hæfi. Mikið var um sjónrænar vísbendingar í námsumhverfinu og voru börnin fljót farin að nýta sér þær. Nemendur sem voru með meiri hreyfiþörf fengu teygjur á borð eða sessur, ásamt frönskum renning undir borð til að fíkta.

Áætlanir og áform út frá aðalnámskrá voru unnar yfir skólaárið. Kennsluáætlanir í byrjendalæsi voru unnar jafnóðum. Eins fengið tilbúnað áætlanir frá byrjendalæsisvefnum.

Námsaðlögun

Með námsaðlögun var leitast við að mæta þörfum allra nemenda í námi og unnu nemendur því verkefni á sínum hraða og forsendum. Besta námsaðlögunin fór fram í eins litlum hópum og unnt var, en þá gat kennari sinnt hverju og einu barni sem best á þeirra forsendum. Stöðvavinna nýtist einnig vel til þess að mæta þörfum nemenda.

Með teymiskennslu náðum við að dreifa álagi, nýta styrkleika kennara og mæta þörfum nemenda. Gerðar voru einstaklingsáætlanir fyrir þá nemendur sem höfðu þörf á og í samræmi við þeirra þarfir.

3. Námsgreinar - kennsla

Þær námsgreinar sem yngsta stigs teymi sá um að kenna voru: íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði, byrjendalæsi eða íslenskukennsla, enska, hringekja, sund, gæðahringur og bekkjarkennsla/útikennsla. Íþróttir, leikur og sköpun og list- og verkgreinar sáu aðrir kennarar skólans um.

Íslenska

Íslenska var kennd meðal annars samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og var mörgum námsgreinum fléttað saman í þemu. Í 1. og 2. bekk voru notaðar bækurnar Ritrún 1 og 2, skrift 1A & 1B, Listin að lesa og skrifa 1-4 og Lestrarlandið 1,1+, 2 og 2+. 1. bekkur vann bækurnar „Ég læri að lesa“ í byrjun skólaárs og fóru svo samhliða stafainnlögn í lestrar- og vinnubækurnar „listin að lesa og skrifa“. Ásamt því að vinna auka vinnuhefti í stafainnlögn af vefnum Út Fyrir Bókina.

Í 3. bekk voru Ritrún 1, 2, 3, Litla lesrún, Lesrún 1 og 2, setningar og málsgreinar námsefni af skólavef, ritum rétt og málfræðimeistarinn. Í 4. bekk voru notaðar námsbækurnar Litla lesrún, Lesrún 1, Lesrún 2 og ákveðnir þættir í Ritrún 3.

Allir bekkir unnu einnig í skriftarbókum og lesskilningsverkefnum ásamt ljósrituðu efni af Skólavefnum. Stöðvavinna var margskonar og snýr að ýmsum þáttum tengdum lestri, orðaforða, málfræði, o.fl.

Í Byrjendalæsi í vetur og unnu nemendur margskonar íslensku tengd verkefni hvort heldur sem það var í ritun, leita upplýsinga á neti, lesturs og tjáningu. Reyndu kennarar að vinna saman í að samþætta aðrar námsgreinar við verkefni s.s. í handmennt eða myndmennt, sem tókst vel til.

Allir nemendur höfðu afnot af spjaldtölvu og nýttum við þær sem kennslugögn. Spjaldtölvurnar voru jafnframt nýttar til þess að kenna nemendum á einföld atriði á google drive, docs og classroom sem mun nýtast þeim í framtíðinni. Einnig voru tölvur og spjaldtölvur nýttar í ritun og snjallforrit sem viðbót í kennslu.

Stærðfræði

Nemendur í 1.- 4. bekk unnu flestir í Sprota A fyrir áramót og B eftir áramót. Með Sprota var unnið með stærðfræði í gegnum spil, leiki, umræður og töflukennslu. 3. - 4. bekkur vann eftir stærðfræðiáætlunum þar sem tekið var mið af þörfum hvers og eins. Yfirleitt voru tveir kennarar í stærðfræðitímum. Reynt var nýta skilrúm, heyrnatól og eða önnur hjálpartæki til að fá góðan vinnufrið fyrir nemendur.

Spjaldtölvur voru einnig nýttar til að auka kunnáttu nemenda í stærðfræði. Þau snjallforrit sem voru allra helst notuð voru td. Evolytes, Georg og klukkan og skákkennsla. Þeir kennarar sem kenndu stærðfræði voru Sarah 2 kennslustundir, Steinunn 1 kennslustund og Kolbrún 1 kennslustund í viku.

Náttúrufræði og samfélagsfræði

Í náttúru- og samfélagsfræði var hópnum tvískipt. Kennt var í 80 mínútur einu sinni í viku. Sarah S. Larsen sá um kennslu 1. og 2. bekkjar og Kolbrún Hlín Stefánsdóttir kenndi 3. - 4. bekk.

1. - 2. bekkur

Unnið var með verkefni út frá bókinni Halló heimur 1. Þar var farið í kaflana: árstíðar, mannslíkaminn, húsdýr og gæludýr, umhverfið okkar, trúarbrögð og sjálfsmyndin. Einnig var auka þemaverkefni um árstíðir/umhverfið (og dýr) og líkaminn/sjálfsmynd.

3. – 4. bekkur

Unnið var með „Halló heimur 3“ og „Könnum kortin 1 og 2“ ásamt fuglavefnum og vefnum Ísland í hnotskurn, þar sem fjallað er um fjöll á Íslandi. Vetrinum var skipt upp í þrjár lotur. Á haustönn byrjuðum við í Halló heim 3 og unnum með sjálfsmyndina, himingeiminn, líkamann og heilbrigði og enduðum á að vinna með spörfugla. Á vetrarönn var farið yfir kafla í Halló heim 3 sem fjölluðu um leyndardóma himingeimsins, lögmál krafts og hreyfingar og lærðu nemendur um starfsemi líkamans. Farið var yfir hringrásina í náttúrunni, líf plantna og hvernig vistkerfi virka. Endað var á vinnu við plakat um fjöll á Íslandi þar sem nemendum var skipt upp í 2 – 3 manna hópa.

Á vorönn var farið yfir kafla í Halló heim 3 um loftslagsbreytingar og umhverfismál. Heilbrigð sál í hraustum líkama sem fjallaði um meltingarkerfi, hjarta, lungu, svefn og heilsueflandi líferni. Í blóma lífsins þar sem nemendur lærðu um matjurtaræktun, hringrás náttúrunnar, plöntur og vistkerfi. Þriðji bekkur fór í Könnum kortin 1 og 4. bekkur í Könnum kortin 2, en í þeim bókum er lögð áhersla á einföld verkefni sem reyna meðal annars á kortalestur og lestur á myndritum, skilning á áttum, hnítum og mælingum. Vorönnin endaði á fræðslu um eldfjallaeyjuna Ísland úr Halló heim 3.

Í einstaka tímum var allur hópurinn saman en þá var farið í landafræði og rætt um umhverfismál út frá þáttunum Einu sinni var... (á KrakkaRÚV).

Enska

Í ensku í vetur var notast við kennslubækurnar “Yes we can”. Nemendur í 1.-2. bekk voru með bók 2 og nemendur í 3.-4. bekk voru með bók 3 og 4. Áherslan var lögð á hlustun og skilning, stafsetningu og orðaforða. 3. og 4. bekkur gerði aukaverkefni um árstíðirnar þar sem var búið til myndband og ljóð um árstíðirnar á ensku (notuð var bókin: Connect-seasons). Eftir áramót var unnið með risaeðlur og voru kynningar á því verkefni fyrir hópinn. Í lok ársins var unnið með framburð og orðaforða tengt sjónum með bókinni Connect - Atlantic ocean. 1. og 2. bekkur náði að klára bók 2 í Yes we can. Út frá

bókinni var unnið aukalega með liti, fatnað og áhugamál. Nemendur skrifuðu stuttar setningar um sig og kynntu fyrir hópnum.

Gæðahringur

Í gæðahring í vetur nýttu kennarar sér verkfæri hugarfrelsis, s.s. öndun, slökun, jóga og hugleiðslu. Við ræddum um tilfinningar, virðingu, kurteisi og framkomu gagnvart náunganum og hvernig allir hafi hlutverk og eigi rétt á því að vera hluti af hópnum og samfélaginu.

Við bjuggum til Gleðilista og nemendur söfnuðu sér inn stigum fyrir góða hegðun, vinnusemi og framkomu. Nemendur gátu síðan leyst út verðlaun af Gleðilistanum þegar þeir höfðu safnað ákveðnum fjölda stiga og haft lýðræðislega kosningu um hvað stigin yrðu notuð í. Þetta umbunarkerfi reyndist vel og leiddi af sér betri aga, vinnusemi og hegðun nemendahópsins.

Nemendur unnu einnig mikið með persónueinkenni sín og jákvæða eiginleika en ásamt því að spá í jákvæðum eiginleikum bekkjarfélaga.

Bekkjarkennsla

Nemendur unnu að ýmsum verkefnum innan og utan skólans sem tengjast þeirra nánasta umhverfi. Námsefnið var samþætt við aðrar námsgreinar, t.d. samfélagsfræði, náttúrufræði, útikennslu og íslensku. Þessir tímar voru mikið notaðir í að klára verkefni líðandi viku og mikið í útikennslu.

Bækur og verkefni í byrjendalæsi

- Hver er flottastur
- Vinabókin
- Pétur og Brandur (ævintýri 3. og 4. bekkur)
- Risaeðlugengið hrekkjavaka
- Víti í vestmannaeyjum
- Rauð viðvörun
- Smásögur (3. og 4. bekkur)
- Lína langsokkur
- Lesskilningsefni í náttúruvísindum
- Kaflar úr bókinni Evrópu
- Öll í hóp á einum sóp, ljóðavinna tengt byrjendalæsi
- 1.- 4. bekkur. : Vélmennið í grasinu og Geitur í garðinum

- Ljóð (halastjarna og grannmeti og átvextir) 3. og 4. bekkur
- Fjaran og hafið

Uppbrotsdagar, vettvangsferðir o.s.frv.

- Laufabrauðsdagur
- Skíðaferð
- Skautuferð
- Vorskemmtun
- Bekkjarkvöld
- Ólympíuhlaupið
- Heimsóknir í aðra skóla á leikrit
- Litlu jólin

4. Námsmat

Til þess að meta stöðu nemenda var námsmat fléttað saman á fjölbreyttan hátt við námsferil nemenda. Námsmat fór fram á meðan kennslu stóð og reglulega var fylgst með vinnu nemenda, hún skráð niður út frá markmiðum aðalnámskrár hverju sinni.

Námsmatið byggðist á:

- Símati
- Leiðsagnarmati
- Skriflegum og munnlegum könnunum
- Viðtölum
- Sjálfsmati
- Læsi I, II og III könnunum í 1. og 2. bekk
- Lesmál í 2. bekk
- Orðarún í 3. og 4. bekk
- Lesferill Menntamálastofnun, tekið í september, janúar og maí
- Skriftarkönnun
- Stafsetningarkönnun

Ekki voru lögð fyrir próf í samfélagsfræði og náttúrufræði. Nemendur voru metnir eftir vinnusemi, vandvirkni og vinnu að plakötum.

Skráð var í lista um hæfniviðmið út frá Aðalnámskrá grunnskóla eins og kostur var.

Við uppfærðum frá rafrænu lestrarhefti yfir í Læsir. Læsir er forrit sem gerir foreldrum kleift að skrá lestur á auðveldan hátt og auðvelt fyrir kennarann að fylgjast með hvernig lestur gengur.

Foreldraviðtöl voru í nóvember og febrúar þar sem nemendur fengu greinargóða umsögn úr öllum fögum. Í febrúar var notast við nemendastýrð viðtöl þar sem nemendur gerðu mat á náminu sínu og hvernig þeir stæðu og stýrðu sjálfir viðtalinu með foreldrum sínum. Nemendur og foreldrar voru mjög ánægð með þetta fyrirkomulag. Á skólaslitum fengu nemendur afhentan vitnisburð sem innihélt umsögn um námsárangur vetrarins. Jafnframt fengu nemendur niðurstöður úr lesfimiprófum vetrarins sem voru lögð fyrir í september, janúar og maí.

5. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf fór fram í gegnum tölvupóst, upplýsingasíðu á lokaðri fésbókarsíðu bekkjarins, fundum og símtölum. Ákveðið var að senda vikupóst þar foreldrar fengu upplýsingar um áherslur vikunnar og hvað væri framundan. Teljum við það nauðsynlegt upplýsingaflæði og ýtir undir frekari samstarf skólans og heimila.

Nemendaviðtöl með foreldrum voru tvisvar á skólaárinu þar sem farið var yfir líðan og námslega stöðu nemenda. Nokkrir auka fundir voru á skólaárinu með foreldrum vegna barna þeirra. Samskipti við foreldra hópsins gengu almennt vel, hreinskilin, fagleg og skýr samskipti.

6. Nemendur

Notuðust kennarar við gleðilista til að ná fram jákvæðri hegðun hjá nemendum og ná betri aga í skólastofunni. Virkaði þetta verkfæri yfirleitt vel þar sem nemendur hjálpuðu hver öðrum að ná fram góðri hegðun og unnu að því að safna stigum sem heild. Veturinn var sveiflukenndur þegar það kom að agamálum. Mikill þroskamunur á milli þeirra yngstu og þá þeirra elstu í bekknum reyndust mikil hindrun í samskiptum þeirra á milli. Mikill tími fór í að ná sáttum á milli nemenda og þurfti oft að grípa til frekari aðgerða til að halda samskiptum innan bekkjarins góðum.

7. Samstarf í teyminu

Teymisfundir voru á mánudögum þar sem vikan var skipulögð og ákveðin mál rædd. Kennarar teymisins nýttu einnig ýmsar eyður og stilltu saman strengi þegar við átti. Teymið vann vel saman,

styrkleikar hvers og eins nýttir og var verkaskipting góð. Kennsla og teymisvinna var aðlöguð eftir aðstæðum.

8. Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Stundaskráin lagði upp með 80 mínútna lotur og í bóklegri kennslu var oftast nauðsynlegt að brjóta upp tímann með pásu í miðjum tíma eða í lokin. Það var mikið um að kennarar skiptu hópnum upp þar sem 1. og 2. bekkur voru saman og 3. og 4. bekkur saman. Ástæðan fyrir því er mikið aldurs- og þroska bil nemenda. Einnig skiptu kennarar hópnum stundum þvert á aldur eftir þeim verkefnum sem fyrir lágu.

Mat á skólaárinu

Mikilvægt er að koma því við að hafa hópa á þessum aldri litla, þar sem um er að ræða einstaklinga sem þarfnast mikillar aðstoðar og velja þarf mjög vel saman ef á að vinna þvert á aldur, sem annars er mjög ákjósanlegt og lærdómsríkt ef vel tekst til.

Gott er að hafa ákveðna tíma líkt og byrjendalæsi sem tíma þar sem nemendur vinna allir saman eða þvert á aldur. Aðrar kennslustundir sem krefjast ákveðinna námslegra þátta sem hvert aldurstig er að læra, er mikilvægt að skipta upp eftir bekkjum. Mikilvægt er að styrkja grunninn og að hver bekkur fái sinn tíma til að læra og meðtaka þá þætti sem mikilvægt er að kunna.

Agamál voru ofarlega á baugi nú sem í fyrra en Gleðilistinn sem unninn var út frá hugmyndum Hugarfrelsis reyndist okkur vel sem agastjórnunartæki. Nemendur fengu sem hópur ýmist grænt, gult eða rautt í lok kennslustunda eftir vinnusemi og hegðun, en grænir miðar gáfu stig sem nemendur gátu nýtt til að leysa út verðlaun af Gleðilistanum. Sem dæmi um verðlaun sem nemendur unnu sér inn fyrir má nefna bekkjarkvöld.

Tillögur til úrbóta

Með 80 mín lotum þarf að huga vel að því að gefa yngstu nemendum og þeim sem eiga við einbeitingarvanda að stríða, pásu eða uppbrot á svo löngum tíma. Á þessu skólaári höfum við lagt meiri áherslu á að brjóta upp lotur. Þá er sjónrænt skipulag um vinnulag hverrar lotu sýnilegt öllum og notumst við mikið við tímavaka. Heilapásur reyndust vel og nemendur lærðu að nýta hana vel og koma þá endurnærðir aftur í kennslu. Kennarar ákváðu að allir nemendur fengju pásu á sama tíma til að hafa yfirsýn yfir hópinn og minnka áreiti í kennslustund. Skilrúmin nýtust líka vel og veittu nemendum meira næði við lærdóminn og einnig góð hljóðdempun.

Ljóst er að í nemendahópnum eru einstaklingar sem að þarfnast meira inngrips vegna námsörðugleika. Mjög mikilvægt er að gera áætlun í byrjun skólaárs, þar sem helstu námsþættir eru kortlagðir fyrir hvern árgang, helsta námsefni tiltekið og skipulagt minni hópa, sérstaklega með þarfir tvítyngdra nemenda í huga. Teymið mun reyna að gæta að því að allir nemendur fái þá kennslu og athygli sem þeir þurfa.

7.2 Ársskýrsla miðstigsteymis (5.-7. b.) skólaárið 2025-2026

1. Teymi og nemendur 5., 6. og 7. bekkjar

Í 5. bekk var drengur og stúlka. Í 6. bekk voru 2 drengir og 5 stúlkur. Í 7. bekk voru 2 drengir.

Umsjónarkennarar voru Hólmfríður Björnsdóttir og Ellen Sif Skúladóttir. Guðrún Árnadóttir var með okkur í tveimur lotum sem stuðningur.

2. Námsumhverfi og skipulag

Stundatafla, dagskipulag og kennslufyrirkomulag

Kennsla hófst alla daga kl. 8:20 og lauk kl. 14:00. Þrír dagar vikunnar hófust á lestri í 20 mín. og síðan var farið í göngutúr eða aðra hreyfingu. Á þriðjudögum byrjaði dagurinn á samveru á Svæði með öllum nemendum skólans. Á fimmtudögum byrjaði skólinn á gæðahring.

Eftir fyrsta tíma kl. 9:00 var morgunmatur og fimm mínútna frímínútur þar á eftir. Fyrsta lota hófst kl. 9:15 og var í 80 mínútur. Frímínútur voru þar á eftir í 15 mín. og þá önnur 80 mínútna lota.

Hádegismatur var kl. 12:10 og frímínútur þar á eftir. Síðasta lota dagsins hófst kl. 12:40 og skóla lauk kl. 14:00.

Mánudagar

- 1. lota - 7. bekkur var í dönsku hjá Hólmfríði og 5. og 6. bekkur var í íslensku hjá Ellen.
- 2. lota - 5. - 7. bekkur var í myndmennt hjá Kolbrúnu.
- 3. lota - 5. - 7. bekkur var í stærðfræði hjá Hólmfríði og Ellen. Guðrún var einnig með í hálfri lotu.

Þriðjudagar

- 1. lota - Allur hópurinn var í bókmenntum, Strákurinn í kjólnum hjá Hólmfríði, Ellen og Guðrúnu.
- 2. lota - allur hópurinn var í stærðfræði hjá Hólmfríði og Ellen.
- 3. lota - allur hópurinn var í samfélagsfræði hjá Hólmfríði, Ellen var með í hálfri lotu.

Miðvikudagar

- 1. lota - Allur hópurinn var í handmennt hjá Kolbrúnu.
- 2. lota - Allur hópurinn var til skiptis í smíðum og íslensku hjá Hólmfríði og Ellen.

- 3. lota - Allur hópurinn var í vali. Í valinu voru margar greinar sem nemendur gátu valið um og var hver lota kennd í u.þ.b. 12 vikur en þá breyttist valið hjá nemendum og ný valgrein tók við.

Fimmtudagar

- 1. lota - Allir voru í náttúrufræði hjá Ellen.
- 2. lota - í fyrri hluta lotunnar fór var hópurinn í vinnustund hjá Ellen og Guðrúnu. Í síðari hlutanum fór hópurinn í sund til Steinunnar.
- 3. lota - Allur hópurinn var í ensku. Hópnum var skipt í tvennt, lengra komna og styttra komna, annar hlutinn hjá Hólmfríði og hinn hjá Ellen.

Föstudagar

- 1. lota - Allir voru í íslensku hjá Hólmfríði og Ellen. Í hverjum tíma fóru 3 úr hópnum í heimilisfræði til Steffíar.
- 2. lota - Í fyrri hluta lotunnar voru strákar í stærðfræði hjá Ellen og stelpur í marimbum hjá Aevari og svo öfugt í seinni hlutanum.
- 3. lota - Allur hópurinn var í íþróttum Birni Andra.

Kennsluhættir og aðferðir

Vinnulag og kennsluhættir hafa verið fjölbreyttir í vetur og margar ólíkar kennsluaðferðir nýttar.

Tölvukostur nemenda er nokkuð góður, allir hafa sinn eigin ípad og lyklaborð sem þó er farið að láta á sjá og netið var einnig til nokkurra vandræða á köflum.

Hvað varðar kennsluhætti vetrarins má nefna:

- Stuttar innlagnir og verkefni
- Paravinna
- Hópvinna
- Einstaklingsvinna/vinnubókarvinna/áætlunarvinna
- Námsleikir
- Vettvangsferðir
- Þemavinna
- Samvinnunám

- Google classroom, site, slide, sheets, og almennt í google umhverfinu.

Í stærðfræði fengu nemendur einstaklingsáætlanir sem settar voru upp í lotur eftir viðfangsefnum. Nemendur unnu lotur eftir áætlunum en þeim lauk með könnunum.

Íslenskukennslan var margþætt í vetur, unnið var með alla þætti fagsins, þ.e. málfræði, ritun, stafsetningu, lestur, lesskilning, ritun, tjáningu, bókmenntir og ljóðaverkefni. Í íslensku var hópnum reglulega skipt upp svo að allir fengju kennslu við hæfi. Að auki nýttust lestrarstundir á mánudögum og föstudögum sem stuðningstímar fyrir þá sem á þurftu að halda.

7. bekkur var í dönsku og var unnið eftir markmiðum sem voru sett upp. Markmið kennslustunda var að auka lesskilning, orðaforða, hlustun, ritun og tjáningu. Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsgögn.

Í ensku var hópnum skipt í tvo hópa eftir getu. Unnið var með orðaforða, framsögn, hlustun og lesskilning. Einnig var lögð áhersla á málfræði og ritun. Inn á milli unnu nemendur skapandi verkefni.

Námsaðlögun

Heilt yfir fengu nemendur góða aðstoð þar sem við vorum vel mannaðar. Oftast voru 2 kennarar með námshópinn, stundum 3 og honum reglulega skipt upp í minni hópa.

Í öllum árgöngum í stærðfræði unnu nemendur eftir markmiðum skólans og byrjuðu þeir á námsefni vetrarins þrátt fyrir að nokkrir hafa ekki lokið við námsefni síðasta vetrar.

Í íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði var nemendum reglulega skipt í minni hópa og fengu þá ennþá meiri aðhald og stuðning. Reynt var að aðlaga verkefni að færni nemenda.

3. Námsgreinar - kennsla

Yfirferð yfir helstu námsgreinar

Íslenska

Málrækt 1, 2, 3. Kannanir voru teknir þrisvar til fjórum sinnum úr hverri bók. Nemendur unnu í Smelli 1, 2 og 3. Ýmist efni af skólavefnum og fleiri vefsíðum var notað s.s í lesskilningi o.fl. Ljóðaverkefni tengdust aðallega 7. bekk í undirbúningi Stóru upplestrarkeppinnar.

Stærðfræði

Unnið var með bækurnar Stika 1a og b, Stika 2a og b, Stika 3a og b. Námsefnið var sett upp í lotur og voru teknar kannanir í lok hverrar lotu. Allir nemendur voru með námsáætlanir sem voru prentaðar út fyrir hvern og einn og aðlagðar hverjum og einum.

Enska

Í 7. bekk og hluta af 6. bekk var unnið með Yes we can 7 les- og verkefnabók, auk vinnubókarinnar Enskar málfræðiæfingar B. Lögð var áhersla á orðaforða, framburð og málfræði. Þar að auki voru ýmis önnur verkefni frá kennara unnin. Í 5. og hluta af 6. bekk var unnið með Yes we can 6 les- og verkefnabók, auk vinnubókarinnar Enskar málfræðiæfingar A. Allir nemendur unnu að sömu markmiðum.

Danska

7. bekkur var í dönsku. Námsefnið var Start lesbók, vinnubók og efni af vef tengt því.

Náttúrufræði

Allur hópurinn vann í bókinni *Náttúrulega 2*, bæði les- og verkefnabók.

Samfélagsfræði

Ísland, hér búum við var notuð til grundvallar samfélagsfræðikennslunni.

Gæðahringur

Gæðahringur var vel nýttur til að ræða mál sem voru efst á baugi hverju sinni.

Íþróttir

Hópurinn var allur saman í íþróttum einu sinni í viku í tvöföldum tíma. Í sundi var allur hópurinn saman einu sinni í viku.

Val

Nemendum gafst færi á að velja um eftirfarandi greinar: Útivist, bakstur, leiklist, spil, myndlist, hreyfival, tónlistarval og píla.

Smíðar

Nemendur voru aðra hvora viku í smíðum. Þeir unnu ýmis verkefni.

Handmennt

Ýmis verkefni voru unnin í handmennt sem var kennd í hverri viku.

Upplýsingatækni er hluti af öðrum námsgreinum.

Vettvangsferðir og uppákomur, útivistadagar

- 5., 6. og 7. bekkur fór í siglingu á Húna, þau veiddu fisk og fengu fræðslu frá sjávarútvegsfræðingi.
- Norræna skólahlaupið var haldið í september og þar tóku allir nemendur skólans þátt.
- Stóra upplestrarkeppnin fór fram í skólanum í apríl og tóku tveir fulltrúar okkar þátt í lokakeppninni sem fór fram í Tjarnarborg á Ólafsfirði.
- Vorskemmtun var haldin í mars og tóku allir nemendur þátt í að setja upp leikritið um Línu Langsokk.
- Velheppnaðir samskóladagar voru í haust í Grenivíkurskóla og á Valsárskóla á vordögum.
- Útivistadagar voru í lok maí.

4. Námsmat

Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til grundvallar í öllu starfi og skipulagi. Voru grunnþættir menntunar sem birtast í Aðalnámskrá grunnskóla fléttaðir inn í námsáætlanir okkar. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að flétta þá inn í starfið okkar. Einnig var tekið tillit til lykilhæfnipátta nemenda við gerð námsáætlana og kennsluaðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra. Grenivíkurskóli vinnur eftir markmiðum sem unnin eru eftir Aðalnámskrá grunnskóla. Við erum með markmiðin í endurskoðun reglulega.

Námsmat fór fram á margvíslegan hátt og bæði símat og mat á ákveðnum markmiðum var reglulegt. Tekin voru lesfimiþróf sem Menntamálastofnun hefur sett upp á skolasatt.is. Þau voru tekin í september og janúar. Matsferill lagður fyrir í fyrsta sinn og tóku nemendur þróf í íslensku/lesskilningi og stærðfræði í mars. Lesskilningsþróf voru tekin þrisvar yfir veturinn. Símatið var stór þáttur af námsmati jafnt yfir allan veturinn. Það var gert bæði munnlega og skriflega. Nemendur tóku reglulega kannanir í Málrækt. Eftir hverja lotu í stærðfræði tóku nemendur könnun og við lok hvorrar bókar er þróf sem spannar alla námsþætti sem teknir eru fyrir.

5. Foreldrasamtarf

Samstarf við foreldra hefur verið nokkuð gott. Við erum í litlu samfélagi og erum í persónulegum samskiptum við alla foreldra. Fréttabréf voru send vikulega til foreldra, svokallaður vikupóstur. Hann geymdi allar helstu upplýsingar um það sem fram fór í vikunni og það sem framundan var, starfið í skólanum, hverskyns uppbrot og fleira. Facebook hefur einnig verið notað til að koma upplýsingum á framfæri. Að venju komu foreldrar tvisvar í viðtal í vetur ásamt börnum sínum, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Fyrri viðtalinu var stýrt af kennurum, Hóbbu og Ellen, en seinna viðtalið var nemendastýrt, þar sem nemendur höfðu undirbúið sig með kennara fyrir viðtalið og sáu svo um að leiða það að einhverju leyti.

6. Nemendur

Miklir samskiptaerfiðleikar milli nemenda voru í upphafi skólaárs, gróft einelti. Við tókum því mjög alvarlega, áttum í samtali og samræðum við alla foreldra og nemendur og allir lögðust á eitt við að snúa við þeirri óheillapróun sem orðin var. Það bar verulegan árangur. Við fengum Heilsu- og sálfræðipjónustuna á Akureyri með okkur í lið og í janúar komu allir foreldrar á fund þjónustunnar og farið var enn frekar yfir málin sem höfðu þá og þegar leyst farsællega. Sálfræðipjónustan ræddi einnig við alla nemendur. Við erum alltaf á tánum og vitum að það verða aldrei neinir fullnaðarsigrar unnir, þetta er eilífðarverkefni sem þarf að sinna vel. Við teljum að nokkuð góður andi sé í hópnum okkar og samskipti býsna góð eftir vinnuna sem fram fór í haust. Árekstrar koma upp en ekki alvarlegir. Nú síðustu vikur hefur aðeins sigið á ógæfuhliðina á ný. Margt kemur til og mikilvægt þegar nýtt skólaár byrjar að taka strax á málum.

Heimalærdómi hefur verið ábótavant hjá stórum hluta nemenda, fáir lesa reglulega heima og nokkuð mikið vantar á að foreldrar fylgist með framvindu áætlana.

7. Samstarf í teyminu

Fundatímar teymisins voru fastir á mánudögum kl. 14 en mikið var fundað þess á milli. Samstarfið hefur gengið mjög vel.

8. Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Teymiskennslan hefur áfram gefist mjög vel að okkar mati. Í því felst mikil samvinna, málin eru ígrunduð og rædd í þaula meðal kennaranna að góðum lausnum. Forföll leystust auðveldlega, tímar nýttust vel því teymið var meira og minna inni í öllum málum.

Tímalengd lotanna gafst mjög vel.

Við þurfum að fá foreldra meira í lið með okkur og að þeir fylgist betur með, það gerum við með því að efla samskipti okkar við þá.

- Hjá allt of stórum hluta hefur áætlunum í stærðfræði og íslensku ekki verið fylgt eftir. Það þarf að laga. Foreldrar þurfa því að fylgjast vel með áætlunum og vera meðvitaðir þegar kannanir eru framundan.
- Heimalestur hefur ekki gengið sem skyldi.

Í haust ætlum við að fá foreldra á fund með okkur til skrafs og ráðagerða um það hvernig skólaárið geti orðið sem farsælast fyrir nemendur, foreldra, kennara og annað starfsfólk.

7.3 Ársskýrsla unglingastigsteymis (8.-10. b.) skólaárið 2025-2026

1. Teymi og nemendur

Í teymi unglingastigs voru Edda Björnsdóttir, Inga María Sigurbjörnsdóttir og Oddný Jóhannsdóttir. Sarah Skindbjerg Larsen sá um dönskukennslu og Þorgeir Rúnar Finnsson sá um hluta af enskukennslu í 8. bekk. Guðrún Árnadóttir kom inn í nokkrar kennslustundir í hverri viku til stuðnings. Í nemendahópnum voru nítján nemendur; sex í áttunda bekk, sex í níunda bekk og sjö í tíunda bekk.

2. Námsumhverfi og skipulag

Edda og Inga María voru umsjónarkennarar í vetur. Nemendur voru allir saman í sumum kennslustundum en í öðrum, t.d. tungumálum og stærðfræði, var hópnum skipt upp. Algengast var að hópnum væri skipt í tvennt, 8. bekkur annars vegar og 9. og 10. bekkur hins vegar.

Stundataflan var skipulögð í upphafi skólaársins. Allir dagar hófust á lestrar- og hreyfistund, nema þriðjudagar, en þá var samvera á svæði, og fimmtudagar sem byrjuðu á gæðahring hjá öllum nemendum. Fyrstu 20 mínútur dagsins fóru jafnan í lestur í heimastofu og næstu 20 mínútur þar á eftir var haldið í einhvers konar hreyfingu: gönguferð, dans, yoga eða stöðvabjálfun svo eitthvað sé nefnt. Að morgunstund lokinni var morgunmatur þar sem nemendum bauðst að fá sér hafragraut, morgunkorn og ávexti.

Dagarnir skiptust síðan í þrjár kennslulotur, tvær 80 mínútna lotur fyrir hádegi með frímínútum á milli og eina 80 mínútna lotu eftir hádegi. Edda, Þorgeir og Sarah sáu um ensku- og dönskutímana. Inga María sá um íslensku og Gunna kom inn á fimmtudögum. Odda sá um stærðfræðina og Edda og Inga María aðstoðuðu við kennsluna. Edda og Inga María sáu um að kenna SNL (samþætting samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni). 9. og 10. bekkur voru svo í Eitt og annað þar sem eitt og annað var tekið fyrir. Nemendur voru þar að auki í myndmennt, smíðum, vali og íþróttum, sem og svokölluðum heimanámstímum þar sem nemendur ákváðu sjálfir að hvaða verkefnum þeir unnu.

Skipulag stundaskrár eftir dögum

Mánudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota

Aðra vikuna 8. bekkur í íslensku hjá Ingu Maríu 9. og 10. bekkur í stærðfræði á móti hjá Oddu og Ingu Maríu Hina vikuna 8. bekkur í stærðfræði hjá Oddu 9. og 10. bekkur í íslensku hjá Ingu Maríu.	Allur hópurinn í stærðfræði hjá Oddu, Eddu og Ingu Maríu.	Enska - 9. og 10. bekkur hjá Eddu, 8. bekkur hjá Þorgeiri.
---	--	---

Þriðjudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
8. bekkur í ensku hjá Eddu. 9. og 10. bekkur í stærðfræði hjá Oddu og Ingu Maríu.	8. bekkur. í stærðfræði hjá Oddu, 9. og 10. bekkur í dönsku hjá Söruh.	8. bekkur í dönsku hjá Söruh. 9. og 10. bekkur í ensku hjá Eddu.

Miðvikudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
Heimanámstími hjá Eddu og Ingu Maríu. 2 -3 nemendur í senn í heimilisfræði hjá Steffi.	SNL hjá Eddu og Ingu Maríu	Valgreinar.

Fimmtudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
8. bekkur til skiptis í smíðum hjá Hólmfríði og myndmennt hjá Kolbrúnu, viku og viku. 9. og 10. bekkur til skiptis í myndmennt hjá Kolbrúnu og Eitt og annað hjá Eddu.	SNL hjá Eddu og Ingu Maríu	Tvískiptur tími, hluti hópsins í sundi hjá Steinunni og hinn hlutinn í íslensku hjá Ingu Maríu. Aðra vikuna voru stelpur í sundi og strákar í íslensku og hina vikuna var víxlað.

Föstudagur		
Fyrsta lota	Önnur lota	Þriðja lota
Allur hópurinn í íslensku/íþróttum hjá Ingu Maríu og Birni/Gabríelu.	Allur hópurinn í íslensku/íþróttum hjá Ingu Maríu og Birni/Gabríelu.	Allur hópurinn í vinnustund hjá Þorgeiri.

Kennsluhættir hafa verið nokkuð fjölbreyttir í vetur: einstaklingsnám, paravinna, hópavinna, rannsóknarvinna, vinnubækur, lestur, áhorf og hlustun. Hver nemandi er með iPad frá skólanum og eru nánast öll verkefni unnin í Google umhverfinu. Vinnan í Google hefur gengið mjög vel en þar eru mörg tækifæri sem hæglega væri hægt að nýta betur.

Þeir nemendur sem á þurftu að halda fengu aðlagð námsefni. Smæð námshópsins býður upp á mjög einstaklingsmiðaða kennslu.

3. Námsgreinar - kennsla

Stærðfræði

Að stærðfræðikennslu á unglingastigi í vetur komu Odda, Edda og Inga María einnig kom Gunna inn sem stuðningur og var þá ýmist inni í kennslustundum eða tók ákveðna nemendur út í meira næði. Odda var með yfirumsjón með skipulaginu. Námssefninu var skipt í lotur og unnið með ákveðna efnisþætti í hverri lotu sem síðan voru metnir í lok hennar. Notast var við bækurnar Skala 1a og 1b, 2a og 2b, 3a og 3b, sem og Almenna stærðfræði I, II og III. Nemendur fengu áætlanir í upphafi hverrar lotu, sem voru að einhverju leyti aðlagðar að nemendum en þó leitast við að flestir nemendur ynnu með sama efnið hverju sinni.

Efni 8. bekkjar var skipt í fimm lotur: Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfraði, algebra og jöfnur.

Efni 9. bekkjar var skipt í sex lotur: Talnareikningur og prósentur, föll, mál og mælingar, rúmfræði, líkindareikningur og talningarfræði, algebra.

Efni 10. bekkjar var skipt í sex lotur: Persónuleg fjármál, ferningar, rætur og horn, algebra og jöfnur, rúmfræði, líkindareikningur, föll og fallafræði.

Áætlunum hverrar lotu var skipt upp í vikur og fengu nemendur ákveðinn skammt af dæmum sem ljúka þurfti í hverri viku. Loturnar voru mislangar en enduðu flestar á lotukönnun sem allir nemendur tóku. Auk hefðbundinnar áætlunar skiluðu nemendur svo reglulega Moodle heimadæmum.

Nemendur unnu oftast einir en þó bauðst þeim að vinna í pörum eða hópum þegar þannig stóð á. Í heildina gekk vinnan og kennslan í stærðfræði nokkuð vel í vetur.

SNL

Edda og Inga María, kenndu SNL. Námsgreinarnar samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni voru samþættar (SNL) og kenndar í tveimur 80 mínútna kennslulotum á viku. Viðfangsefni vetrarins var að mestu mannlíkaminn. Nemendur horfðu á fræðsluefni, nýttu bækur og netið við verkefnavinna, glósuðu töluvert auk þess sem þeir tóku þátt í umræðutímum og fluttu kynningar. Nemendur fóru í bókina Mannlíkaminn.

Íslenska

Inga María sá um íslenskukennsluna að mestu í vetur, Unnið var með þau markmið sem falla undir íslensku í aðalnámskrá: lestur, bókmenntir, talað mál, málfræði, ritun, áhorf og hlustun. Mesta áherslan var lögð á lestur og lesskilning. Nemendur hlustuðu á söguna Undur og unnu ýmis verkefni sem tengdust henni. Á vorönn var Kjalnesingasaga lesin og unnið með hana. Nemendur tóku svo próf úr henni. Bókin Útbrot var notuð allan veturinn auk fræðsluþátta og annars efnis.

Lesfimiþróf voru lögð fyrir alla nemendur á unglingastigi í nóvember, janúar og maí. Auk þess voru lesskilningsþróf lögð fyrir alla nemendur tvisvar á skólaárinu og Matsferill að vori.

Enska

Edda og Þorgeir sáu um enskukennslu í 8. bekk í vetur.

Edda sá um enskukennslu í 9. og 10. bekk í vetur.

9. og 10. bekkur

Engin eiginleg kennslubók var notuð í vetur. Nemendur hlustuðu á hlaðvörp og unnu verkefni upp úr þeim. Nemendur horfðu einnig á sjónvarpsþætti og unnu verkefni upp úr þeim. Í lok árs unnu nemendur verkefni sem heitir My talent og var útkoman afar góð. Nemendur lásu bókina Jar City eftir Arnald Indriðason í bókmenntum og unnu verkefni samhliða því samkvæmt áætlun. Að henni lokinni völdu nemendur sér sjálfir bók, kjörbók, og skiluðu vikulegum verkefnum samkvæmt áætlun.

Nemendur unnu margvísleg smærri verkefni af ýmsu tagi, bjuggu til glærukynningar, bjuggu til hlaðvarp í pörum og unnu líka verkefni í svokallaðri enskukássu í Padlet, þar sem hægt er að velja um margs konar verkefni.

Námsmat byggðist á vinnu við skáldsögur/kjörbækur, padlet verkefni, lesskilningsprófum, ritunarverkefnum, my talent verkefni, glærukynningu, verkefnum tengdum hlaðvörpum sem við hlustuðum á og þáttum sem við horfðum á og vinnusemi og virkni í kennslustundum.

8. bekkur

Unnið var með Spotlight 8, kennslubók með fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Nemendur unnu ýmis ritunarverkefni og lesskilningsverkefni, horfðu á þætti og unnu verkefni úr þeim og horfðu á bíómynd og unnu úr henni verkefni. Nemendur lásu Harry Potter í bókmenntum. Þau fengu áætlun með vikulegum verkefnum þar sem áhersla var lögð á lesskilning ásamt málfræði. Nemendur horfðu á kvikmyndina þegar lokið var við vinnubækurnar og unnu lokaverkefni. Þegar nemendur voru verkefnalausir gátu þeir unnið í svokallaðri enskukássu í Padlet þar sem hægt er að velja um margs konar verkefni. Að auki voru svo unnin ýmis smærri verkefni af ýmsu tagi, ritunarverkefni, lesskilningsverkefni og smærri hópverkefni.

Námsmat byggðist á vinnu við skáldsögu, smærri og stærri verkefnum og vinnusemi og virkni í kennslustundum.

Danska

Sarah sá um dönskukennslu í 9. og 10. bekk.

9. og 10. bekkur

Unnið var með fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Nemendur gerðu tónlistarmyndband, voru að horfa á þættir á dönsku og svara spurningum (drengene fra Angora), leystu ýmis lesskilningsverkefni (den lille pige med svovlstikkerne og vikingetiden), tóku viðtöl við hvort annan (munnlegt verkefni), unni í málfræði (nafnorð, fornöfn og sagnorð), gerðu ritgerð um kvikmynd (a beautiful life) og svo önnur smærri verkefni af ýmsu tagi.

Námsmat byggðist á skil á verkefnum og hvernig nemendur uppfyllti hæfniviðmið úr aðalnámskrá fyrir hvert verkefni og virkni í kennslustundum.

8. bekkur

Unnið var með fjölbreyttum verkefnum og viðfangsefnum. Flest verkefni tengdust lesskilningsverkefni, en það var líka unnið með hlustunarverkefni (svampebob, klassen og Lige i lommen) og ritunaræfingar (Elon Musk, hrekkjavaka og áhugamál þeirra), þau kynntu tvisvar verkefni munnlega. Nemendur unnu nokkur smærri verkefni yfir veturinn.

Námsmat byggðist á skil á verkefnum og hvernig nemendur uppfyllti hæfniviðmið úr aðalnámskrá fyrir hvert verkefni og virkni í kennslustundum.

Eitt og annað - 9. og 10. bekkur

Nemendur í 9. og 10. bekk voru aðra hverja viku, á móti myndmennt, eina lotu sem við kölluðum eitt og annað. Við skoðuðum launaseðla, nemendur unnu verkefni þar sem þeir veltu því fyrir sér hvað þeir kostuðu, ræddum um nikótínþúða, notuðum gervigreindina til að búa til tónlist, fræddumst um umferðarmerki og umferðina. Síðasta verkefni vetrarins var svo áhugasviðsverkefni þar sem nemendur gátu valið sér nánast hvaða viðfangsefni sem er, eitthvað sem þá langaði að kynna sér betur, einir og sér eða í pörum. Niðurstöðunum þurfti að skila í skýrslu um verkefnið og svo þurfti að búa eitthvað til sem hægt væri að sýna, glærुकynningar og veggspjöld voru þó ekki í boði.

Verkefnin voru af ýmsum toga. Einn nemandi bjó til uppskriftabók, einn nemandi skrifaði ljóðabók, nokkrir sömdu sögur, tveir nemendur bjuggu til vefsíður, einn nemandi bjó til heimildarmyndband, einn nemandi bjó til bók um lönd, einn nemandi bjó til bækling um draumaáfangastaði, einn nemandi bjó til borðspil og einn nemandi bjó til hlaðvarp. Þessir tímar voru á fimmtudögum og það voru ansi margir tímar sem féllu niður, ýmist vegna frídaga eða einhvers annars sem var í gangi.

Dæmi um vel heppnuð verkefni í vetur:

Í SNL unnu nemendur saman í 3.- 4. manna hópum að verkefni um hollt líf og góða næringu. Þau útbjuggu veggspjöld og glærुकynningar og kynntu fyrir öðrum nemendum. Að því loknu útbjuggu þau Kahoot og lögðu fyrir aðra nemendur. Nemendur unnu einnig verkefni þar sem þau völdu sér 5 dýr sem þau áttu að kynna sér, útbúa glærुकynningu og kynna fyrir bekkjarfélögunum.

Í ensku í 9. og 10. bekk unnu nemendur verkefni sem heitir My talent sem var virkilega vel heppnað.

Áhugasviðsverkefni í Eitt og annað var mjög vel heppnað hjá nemendum, áhuginn og metnaðurinn var mikill og þeim fannst þetta mjög skemmtilegt.

Hagnýting upplýsingatækni

Upplýsingatækni tengdist flestum námsgreinum með mismiklum hætti þar sem verkefnavinna og verkefnaskil fóru að stórum hluta fram á rafrænu formi. Google-umhverfið hentar sérlega vel í hverslags para- og hópavinnu þar sem nemendur geta deilt sín á milli skjölum og verkefnum og unnið fleiri en einn að sama verkefni í mismunandi tækjum. Auk þess gerir umhverfið kennurum kleift að fylgjast með verkefnum nemenda meðan þau eru í vinnslu, eigi það við, sem eykur yfirsýn yfir vinnu og framvindu nemenda.

Vettvangsferðir og annað uppbrot

Nemendur á unglingastigi fóru á samskóladag í Stórutjarnir í september og í Þelamörk maí.

Í október heimsóttu nemendur í 9. og 10. bekk Verkmenntaskólann á Akureyri og Menntaskólann á Akureyri og kynntu sér námið sem þar fer fram. Kynningarnar voru áhugaverðar og fróðlegar, og í sömu ferð var heimavistin heimsótt og nemendur fengu kynningu á henni.

Í mars fóru nemendur í 9. og 10. bekk á Starfamesu í Háskólanum á Akureyri, þar sem ýmis fyrirtæki og starfsstaðir á Norðurlandi eystra voru með kynningu á sinni starfsemi.

Í febrúar fóru nemendur á mið- og unglingastigi á Grenilund og dönsuðu fyrir heimilisfólk.

Nemendur fengu heimsóknir, t.d. frá Þorgrími Þráinssyni og samfélagslögreglunni.

4. Foreldrasamtarf

Að venju komu foreldrar tvisvar í viðtal í vetur ásamt börnum sínum, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Inga María og Edda sáu um foreldraviðtölin. Fyrri viðtalinu var stýrt af kennurum en seinna viðtalið var nemendastýrt, þar sem nemendur höfðu undirbúið sig með kennara fyrir viðtalið og sáu svo um að leiða það að einhverju leyti. Undirbúningsvinna var unnin í ípad á Google Slides. Nemendur tengdu sinn ípad við sjónvörpin, stóðu fyrir framan kennara og foreldra og kynntu. Þetta gekk afar vel og gaf góða raun. Foreldrasamstarf gekk heilt yfir vel í vetur.

5. Nemendur

Lítið sem ekkert var um agavandamál í vetur, hópurinn skemmtilegur og nemendur sinntu sínu yfirleitt vel.

6. Samstarf í teyminu

Ekki er hægt að segja annað en að samstarf innan unglingastigsteymis hafi gengið afar vel í vetur. Teymismeðlimir hittust mjög reglulega og báru saman bækur sínar, hvort sem það var á formlegum fundi eða ekki. Fastir teymisfundir voru á dagskrá flesta mánudaga.

Verkaskipting var einnig góð, ef einhver meðlimur teymisins var fjarverandi var það leyst fljótt og örugglega og kom sjaldnast að sök þar sem annar meðlimur gat nær alltaf tekið við þeim verkefnum sem fyrir lágu, svo fjarveran bitnaði ekki á kennslunni.

7. Almenn samantekt

Skólastarfið gekk nokkuð vel fyrir sig á unglingastigi í vetur. Samstarf kennara og nemenda gekk heilt yfir vel, líflegar umræður sköpuðust iðulega í kennslustofunni og mörg skemmtileg verkefni voru unnin í hinum ýmsu greinum.

7.4 Ársskýrsla - handmennt og myndmennt - skólaárið 2025-2026

Kolbrún Hlín Stefánsdóttir kenndi handmennt og myndmennt á öllum stigum í vetur.

1. Yngsta stig

Yngsta stigi var skipt í tvo hópa í vetur í hand- og myndmennt, 1. - 2. bekkur og 3. - 4. bekkur var saman í myndmennt. Í Handmennt var nemendahópnum í 1. - 4. bekk skipt í tvo hópa til þess að jafna fjöldann. Myndmennt var kennd í 80 mínútur einu sinni í viku og handmennt í 80 mínútur aðra hvora viku.

1.1. Kennsla og skipulag

Til þess að allir nemendur næðu að klára verk sín í hand- og myndmennt þá nýtti kennari oft kennslustundir til þess að klára ókláruð verk þó svo að tíminn héti annað. Með þessum hætti voru fleiri myndir/verk betur unnin og nemendur gátu unnið á eigin hraða.

Handmennt

Í handmennt var unnið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem nemendur voru þjálfaðir í að nota einfaldar aðferðir til þess að vinna úr nokkrum gerðum textílefna. Nemendur lærðu að fara eftir einföldum leiðbeiningum og beita viðeigandi áhöldum í handmennt.

Dæmi um verk sem 1. - 2. bekkur unnu í vetur:

- Vefnaður á pappaspjald.
- Augngríma fyrir Hugarfrelsi.
- Þæfður fiskur - samvinnuverkefni við smíðar.
- Jólagjöf - handsaumað hjarta.
- Útsaumur - bókamerki.
- Sauma þræðispor í kringum handafarið sitt.
- Ugla sem þarf að klippa og sauma í höndum úr filtefni.

Dæmi um verk sem 3. - 4. bekkur unnu í vetur:

- Myndarammi úr leir, málaður og glerjaður.
- Handmálaðir púðar.
- Bókamerki.
- Gifs fingrabrúður.

- Þvottapokar.
- Ullarþæfing - samvinnuverkefni við smíðar.

Myndmennt

Í myndmennt var unnið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem nemendur voru þjálfaðir í að skapa myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. Reynt var að fá nemendur til þess að tjá sig í gegnum myndverk á einfaldan hátt.

Dæmi um verk sem 1. - 2. bekkur unnu í vetur:

- Möppur.
- Litahringurinn - mála liti á blöð og æfa blöndun.
- Portrait af sér.
- Salvador Dali klukkur.
- Portrait af öðrum nemenda.
- Draugar - Akryll og krítar á svart blað.
- Grasker- krítar og klessulitir.
- Mondrian - grunnlitir.
- Sólblóm.
- Hús í London - form og beinar línur.
- Laufás.
- Afmæliskaka í 3D.
- Lína Langsokkur.
- Heitir og kaldir litir.
- Vatnslitamyndir af landslagi.
- Klippimyndir - risaeðlur.
- Nína Tryggvadóttir - grunnlitir og geometrísk form.
- Jóhannes Sveinsson Kjarval - Hraunmynd með dulúð.
- Erró.
- Sjálfsmynd í lok skólaárs.

Dæmi um verk sem 3. - 4. bekkur unnu í vetur:

- Möppur.
- Litahringurinn - mála liti á blöð og æfa blöndun.

- Portrait af sér í stíl Picasso.
- Mondrian - grunnlitir.
- Mjólkurmynd - samkeppni.
- Draugar.
- Grasker - krítar og klessulitir.
- Portrait af öðrum nemenda.
- Salvador Dali klukkan.
- Sólblóm.
- Hús í London.
- Laufás.
- Afmæliskaka í 3D.
- Lína Langsokkur.
- Heitir og kaldir litir.
- Vatnslitamyndir af landslagi - áhersla á blöndun lita.
- Klippimyndir - risaeðlur.
- Nína Tryggvadóttir - grunnlitir og geometrisk form.
- Jóhannes Sveinsson Kjarval - Hraunmynd með dulúð.
- Erró.
- Sjálfsmynd í lok skólaárs.

1.2. Námsmat

Námsmatsaðferðir í hand- og myndmennt voru fjölbreyttar. Notast var við frammistöðumat, jafningjamat og sjálfsmat. Við lokamat á hverri önn var farið yfir námsmöppu hvers nemenda með tilliti til markmiða hvers verkefnis.

1.3. Nemendur

Nemendur á yngsta stigi voru áhugasamir og flestir vandvirkir í mynd- og handmennt. Gláðir nemendur sem komu oftast spenntir í kennslustund.

2. Miðstig

Allt miðstig var saman í handmennt og myndmennt í vetur. Kennt var í 80 mínútur einu sinni í viku.

2.1. Kennsla og skipulag

Kennsla fór fram með verklegum hætti með mismunandi efnivið. Farið var yfir listasögu með áherslu á íslenska myndlistarmenn. Lögð var áhersla á að nemendur efdust í litablöndun út frá grunnlitum. Til þess að allir nemendur næðu að klára verk sín í hand- og myndmennt þá nýtti kennari oft kennslustundir til þess að klára ókláruð verk þó svo að tíminn héti annað. Með þessum hætti voru fleiri myndir/verk betur unnin og nemendur gátu unnið á eigin hraða.

Handmennt

Í handmennt var unnið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem meðal annars var unnið að því markmiði að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Efla nemendur í að útskýra og sýna eigin vinnuferil. Jafnframt að sýna ábyrgð og örugga umgengni við frágang og vinnu.

Dæmi um verk sem 5., 6. og 7. bekkur vann í vetur:

- Púði með útsaumaðri og málaðri mynd.
- Ullarþæfing með nál - dýr.
- Ullarþæfing með nál - jólakúla.
- Gips fingrabrúður - málaðar og skreyttar.
- Pappamassadýr - Unnið úr flöskum/hæsnavír og úr endurunnum efnum. Ullarþæfingu blandað í verkefnið til að gera skraut á dýrið sitt ásamt málningu.
- Veski - Nemendur lærðu að sauma rennilás í tvöfalt pennaveski/snyrtiveski.
- Lyklakippur - Lítill handsaumaður bangsi með perlum og öðru skrauti.

Myndmennt

Í myndmennt var farið eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem unnið var meðal annars með grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Nemendur voru þjálfaðir í að vinna að verkefni út frá skissu að lokaverkefni. Notast var við mismunandi verkfæri, efni og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun. Auk þess sem nemendur voru efldir í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir í eigin sköpun á gagnrýnan hátt.

Dæmi um verk sem 5., 6. og 7. bekkur vann í vetur:

- Mappa.

- 3D gata.
- Hönnun á logo.
- Epli/pera - skygging með blýanti.
- Myndir á vegg - nemendur skreyttu myndmenntastofuna.
- Myndir af sér (töframynd).
- Ávöxtur og mynstur.
- Portrait af sér gert með dagblöðum í bakgrunn í Picasso stíl.
- Norðurljósameynd - akrýll, krítar og teikning.
- Uppáhalds skórin með mynstur bak við.
- Hönnunarverkefni - ímynda sér að að nemandi sé hönnuður fyrir þekkt fyrirtæki og eigi að hanna nýja vöru í þeirra línu.
- Líffæri.
- Laufás.
- Texture art frjálst.
- Klippimynd - Sjávarþema.
- Lína Langsokkur.
- Heitir og kaldir litur.
- Nína Tryggvadóttir - grunnlitir og geometrísk form.
- Jóhannes Sveinsson Kjarval - Hraunmynd með dulúð.
- Erró.

2.2. Nemendur

Nemendur á miðstigi voru almennt jákvæðir og duglegir í kennslustundum. Meirihluti nemenda var til fyrirmyndir þegar kom að fyrirmælum, samviskusemi og hjálpsemi. Sumir nemendur áttu stundum erfitt með að fara eftir fyrirmælum og ganga vel um verkfæri.

2.3. Námsmat

Námsmatsaðferðir í hand- og myndmennt voru fjölbreyttar. Notast var við frammistöðumat, jafningjamat og sjálfsmat. Við lokamat á hverri önn var farið yfir námsmöppu hvers nemenda með tilliti til markmiða hvers verkefnis.

3. Elsta stig

Elsta stigi var skipt í tvo hópa í myndmennt, 8. bekkur og 9. - 10. bekkur. Nemendur komu í myndmennt aðra hvora viku í 80 mínútur.

3.1. Kennsla og skipulag

Kennsla fór fram með verklegum hætti og farið var yfir listasögu með tilliti til verkefna. Í flestum tímum voru nemendur að vinna að sama verkefni en einnig voru tímar nýttir til þess að klára óunnin verk. Með þessum hætti voru fleiri myndir/verk betur unnin og nemendur unnu á eigin hraða. Unnið var eftir viðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* þar sem megin áherslan var að kenna mismunandi aðferðir við sköpun á fjölbreyttan hátt. Lögð var áhersla á að efla nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum allt frá hugmynd að lokaafurð. Einnig að nemendur lærðu að meta eigin verk og gagnrýna hvað hefði mátt gera betur eða þurfti að laga.

Dæmi um verk sem nemendur í 8. bekk vann í vetur:

- Möppur.
- Myndir á vegg - nemendur skreyttu myndmenntastofuna.
- Myndir af sér (töframmyndir).
- 3D gata.
- Líffæri.
- Norðurljósamynd - akrýll, krítar og teikning.
- Blöndun vatnslita.
- Uppáhalds skórinn með mynstur bak við.
- Hönnunarverkefni - ímynda sér að að nemandi sé hönnuður fyrir þekkt fyrirtæki og eigi að hanna nýja vöru í þeirra línu.
- Fiskur klippimynd.
- Lampaskermar úr tágum - samvinnuverkefni með smíðum.
- Nína Tryggvadóttir - grunnlitir og geometrísk form.
- Jóhannes Sveinsson Kjarval - Hraunmynd með dulúð.

Dæmi um verk sem 9. - 10. bekkur vann í vetur:

- Möppur.
- Myndir á vegg - nemendur skreyttu myndmenntastofuna.
- 3D götuteikning.
- Portrait af sér.
- Blöndun vatnslita.
- Norðurljósameynd - akrýll, krítar og teikning.
- Líffæri - blýantsteikning og skygging.
- Uppáhalds skórin með mynstur bak við.
- Vatnslitir og línur
- Klippimynd - sjávarþema.
- Nína Tryggvadóttir - grunnlitir og geometrísk form.
- Jóhannes Sveinsson Kjarval - Hraunmynd með dulúð.
- Hönnunarverkefni - ímynda sér að að nemandi sé hönnuður fyrir þekkt fyrirtæki og eigi að hanna nýja vöru í þeirra línu. .
- Hönd á vegg

3.2. Nemendur

Nemendurnir í 8. 9. og 10. bekk voru oftast til fyrirmyndar, glaðir og tilbúnir í að gera nýja hluti. Flestir nemendur voru vandvirkir og vinnusamir.

3.3. Námsmat

Námsmatsaðferðir í myndmennt voru fjölbreyttar en notast var við frammistöðumat, jafningjamat og sjálfsmat. Við lokamat á hverri önn var farið yfir námsmöppu hvers nemenda með tilliti til markmiða hvers verkefnis.

4. Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Þegar á heildina er litið gekk veturinn vel. Það gekk vel að halda utan um skipulagið og mér fannst flestir nemendur oftast glaðir, vandvirkir og vinnusamir. Umgengni var betri í vetur hjá flestum nemendum og var borin meiri virðing fyrir eigum skólans hjá flestum hópum. Í vetur var miðstig saman í myndmennt og handmennt en undanfarin ár hefur hópnum verið skipt í tvennt. Ég legg til

að horfið verði aftur til fyrra fyrirkomulags þar sem hópurinn reyndist of stór til að allir fengju viðeigandi aðstoð, sérstaklega í handmennt. Vegna þessa vannst tími til að ljúka við færri verkefni en áætlað var þar sem kennari komst ekki yfir allan hópinn. Með því að fækka nemendum í hverjum hópi má tryggja betra vinnuumhverfi og vandaðri verkefni í skapandi greinum.

7.5 Ársskýrsla stoðteymis - skólaárið 2025-2026

Í stoðteyminu í vetur eru Arnheiður Björk Harðardóttir iðjupjálfi, Guðrún Árnadóttir fagstjóri stuðningskennslu og tengiliður farsældar og Þorgeir Rúnar Finnsson skólastjóri.

Samstarf við skólaþjónustu Akureyrarbæjar

Við erum með þjónustusamning við skólaþjónustu Akureyrarbæjar. Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir reglulega yfir skólaárið með skólahjúkrunarfræðingi og fulltrúum skólaþjónustunar sem eru m.a. sálfræðingur, ÍSAT kennsluráðgjafi/sérkennsluráðgjafi og fulltrúi frá barnavernd.

Sérkennslufulltrúi frá skólaþjónustunni situr einnig á teymisfundum hjá okkur.

Kennslufyrirkomulag og námsaðlögun

Nemendur á öllum skólastigum sem þurftu á að halda fengu úthlutaða tíma í stundaskrá hjá Arnheiði og Gunnu. Þessir tímar voru aðlagðir að þeim og þeirra þörfum til að styðja við meira sjálfstæði, þátttöku, námsframvindu og fleira. Þarfir barnanna voru endurmetnar í gegnum skólaárið og aukið við eða dregið úr stuðningi eftir þörfum. Einnig voru gerðar breytingar á nemendahóp og tímar fjarlægðir eða settir á þá sem þurftu á að halda. Nemendur voru teknir bæði út í minni hópum og í einstaklingstíma.

Hlutverk teymisins

Arnheiður var í skólanum mánudaga-miðvikudaga Hún var bæði inni í tímum með nemendum og tók út nemendur bæði eina og í minni hópum.

Guðrún tók nemendur í einstaklingskennslu í Kringlu og líka minni hópa. Á mánudögum á milli 11 - 12 var hún með viðtalstíma bæði fyrir nemendur og foreldra. Einnig voru miðvikudagarnir stundum notaðir og þá á milli 11 - 12. Sesselja hjúkrunarfræðingur byrjaði skólaárið og var á miðvikudögum í skólanum með nemendafræðslu og fundaði með Guðrúnu líka. Nú er það Kristbjörg sem hefur tekið við keflinu og er hennar skipulag það sama.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra hefur verið gott í vetur þar sem auðvelt hefur verið að ná á þeim og þau tilbúin að vera í góðu samstarfi. Teymisfundir hafa verið haldnir reglulega með foreldrum þeirra nemenda sem á þurfa að halda.

Nemendur

Nemendur sem fá þjónustu stoðteymisins eru með mismunandi þarfir og eru því notar fjölbreyttar aðferðir til að koma til móts við þarfir þeirra.

Samstarf í teyminu

Fundatímar teymisins voru fastir á mánudögum kl. 14 og þriðjudögum kl. 13:20 og var sá tími nýttur eftir þörfum. Ásamt því var fundað ef á þurfti og hefur samstarfið gengið mjög vel.

Almenn samantekt - mat á skólaárinu og tillögur til úrbóta

Teymisvinnan í kringum stoðkennsluna hefur gefist mjög vel að okkar mati. Í því felst góð samvinna, málín eru ígrunduð og rædd í þaula meðal teymisins og unnið að lausnum.

8. Lokaorð

Skólaárið 2025-2026 var að flestu leyti afar gott. Stöðugleiki var í starfsmannamálum og skólabragur almennt nokkuð góður. Þó alltaf fari mikill tími og orka í agamál og flókin nemendamál gekk almennt vel að greiða úr þeim og samstarf við foreldra var heilt yfir með ágætum. Áfram þarf að vinna í því að efla með nemendum virðingu fyrir umhverfi sínu og bæta umgengni um skólann og eigur hans. Þá er áhyggjuefni hversu víða heimalestri og eftirfylgni með námsáætlunum er ekki sinnt. Það kemur niður á námi nemenda og þarf að leita leiða til að ná heimilum til samstarfs hvað þetta varðar.

Veðurfar var með eindæmum gott og ekki gerðist þörf á að fella niður skóla vegna færðar eða veðurs. Sem fyrr segir var stöðugleiki í starfsmannahópnum og lítið um forföll vegna veikinda. Það skiptir miklu máli fyrir allt skólastarf. Fjarvistir nemenda vegna leyfa hafa aukist mikið á undanförnum árum. Skólinn hefur sýnt sveigjanleika hvað þetta varðar en brýnt fyrir foreldrum mikilvægi þess að sinna námsáætlunum á meðan slíkum leyfum stendur. Hefur það gengið misvel.

Árið var lærdómsríkt og skemmtilegt. Við fórum í fjölmargar vettvangsferðir með nemendum sem voru hver annarri skemmtilegri. Skólabragur er sem fyrr segir heilt yfir góður og í skólanum ríkir góður andi, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Starfsmannahópurinn er samheldinn og öflugur og vinnur ötullega að því að í skólanum líði nemendum vel og að þar finni þeir fyrir öryggi. Þessi atriði eru grundvöllur þess að nemendur nái árangri í námi.

Enn á ný er ástæða til að ljúka þessum kafla með því að taka sérstaklega fram að í ferðum á vegum skólans eru nemendur nær undantekningarlaust til fyrirmyndar og sér og skólanum til sóma.

Samskipti nemenda hafa á heildina lítið verið góð þótt reglulega komi þar upp hnökrar, eða jafnvel gróf eineltismál, sem þarf að taka á. Í vetur hefur tekist vel til að vinda ofan af slíkum málum með góðri samvinnu heimila og skóla, og samræðu nemenda, starfsfólks og skólastjóra. Þeirri vinnu lýkur þó seint og þarf stöðugt að vera á varðbergi, grípa inn í, og leiðbeina nemendum í rétta átt þegar halla fer undan fæti í samskiptum þeirra á milli.

Þorgeir Rúnar Finnsson

skólastjóri Grenivíkurskóla

Viðauki 1 – nemendaskrá*

Nemendur Grenivíkurskóla 1. september 2025

10. bekkur	Heimilisfang	Sími	7
Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir	Túngata 15	868 2385	
Kristjana Elín Sigþórsdóttir	Höfðagata 5b	699 5873	
Natalía Ösp Jóhannsdóttir	Höfðagata 12	859 9640	
Selma Lind Björnsdóttir	Lækjarvellir 14	867 6255	
Smári Signar Viðarsson	Ægissíða 34	893 3180	
Svavar Orri Gunnþórsson	Höfðagata 9	898 5632	
Tryggvi Hrafn Haraldsson	Túngata 21	865 8903	
9. bekkur	Heimilisfang	Sími	6
Ágúst Hrafn Guðjónsson	Túngata 26	868 3794	
Björg Guðrún Sigurbjörnsdóttir	Túngata 28	660 9019	
Ísadóra Arnbjörg Anselmo	Melgata 12 / Réttarholt II	773 6800	
Lilja Björk Einisdóttir	Höfðagata 12	899 9503	
Rakel Ýr Ingibjargardóttir	Ægissíða 9a	843 0071	
Sindri Páll Ragnarsson	Hléskógar	898 0541	
8. bekkur	Heimilisfang	Sími	6
Ángantýr Magni Guðmundsson	Túngata 17	896 1457 / 867 0999	
Ari Logi Bjarnason	Ægissíða 29	898 3551 / 666 8700	
Bjartur Ingi Jónsson	Túngata 16	856 2460	
Gylfi Björnsson	Lækjarvellir 14	867 6255	
Kristófer Darri Birgisson	Höfðagata 1a	860 4939	
Valtýr Máni Sigurðsson	Ægissíða 9a	843 0071	
7. bekkur	Heimilisfang	Sími	2
Trausti Loki Stefánsson	Ægissíða 7	847 6980	
Tristan Logi Stefánsson	Ægissíða 7	847 6980	
6. bekkur	Heimilisfang	Sími	7
Alexander Smári Hákonarson	Túngata 12	698 2415	
Bella Guðjónsdóttir	Túngata 26	868 3794	
Ellen Birna Harðardóttir	Melgata 3	699 0732	
Julia Janina Karkowska	Ægissíða 27	761 6178	
Lilja Katrín Harðardóttir	Melgata 5	898 5589	
Lýra Louise Anselmo	Melgata 12 / Réttarholt II	773 6800	
Páli Þórir Þorkelsson	Höfði I	863 5471	
5. bekkur	Heimilisfang	Sími	2
Bjarki Signar Viðarsson	Ægissíða 34	893 3180	
Guðbjörg Jana Jónsdóttir	Túngata 16	856 2460	
4. bekkur	Heimilisfang	Sími	4
Elvar Þór Birgisson	Höfðagata 1a	860 4939	
Kári Eyfjörð Þorgeirsson	Túngata 15	868 2385	
Reynir Þór Bjarnason	Ægissíða 29	898 3551 / 666 8700	
Þórir Hafstein Haraldsson	Túngata 21	865 8903	
3. bekkur	Heimilisfang	Sími	3
Aron Ellert Hákonarson	Túngata 12	698 2415	
Frosti Guðjónsson	Túngata 26	868 3794	
Pétur Ingi Björnsson	Lækjarvellir 14	867 6255	
2. bekkur	Heimilisfang	Sími	4
Alexander Jan Bela	Kirkjuvegur 1c	789 4411	
Lárus Hrafn Skindberg Atlason	Hléskógar	776 4151	
Stefán Atli Sigurðsson	Ægissíða 9a	843 0071	
Thelma Nilakshi G. Kandage Don	Höfðagata 1b	867 2394	
1. bekkur	Heimilisfang	Sími	7
Hrefna Karítas Olgeirsdóttir	Stórasvæði 4	867 7179 / 773 4657	
Klara Eyfjörð Þorgeirsdóttir	Túngata 15	868 2385 / 869 6265	
Lada Kasich	Hóll	831 8683 / 831 8545	
Nikodem Marek Karkowski	Ægissíða 27	761 6178 / 785 0292	
Rada Kasich	Hóll	831 8683 / 831 8545	
Zofia Szurant	Höfðagata 5a	782 3662 / 786 5143	
Þórður Geir Jakobsson	Túngata 22	869 9380 / 820 5201	

* Einn nemandi, Baldur Árni Jónsson, bættist í 2. bekk eftir páskafrí.

Viðauki 2 – skóladagatal

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 P	1 F	1 S	1 P	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 P
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 P	2 P	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 P	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 P	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 P	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 P	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L
6 F	6 S	6 P	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 P	6 F	6 S
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 P	8 F	8 S	8 P	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 P
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 P	9 P	9 F	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 S	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F
11 P	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 P	11 F
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 P	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F	13 S	13 P	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 P	13 F	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 P	15 F	15 S	15 P	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 P
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 P	16 P	16 F	16 S	16 M
17 M	17 F	17 L	17 P	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 P	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 P	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 P	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 P	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 F	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 F	21 F	21 M
22 L	22 P	22 F	22 S	22 P	22 F	22 M	22 M	22 L	22 L	22 P
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 P	23 P	23 S	23 M	23 M
24 M	24 F	24 L	24 P	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 P	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 P	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 P	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 P	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 P	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 F	28 F	28 M
29 L	29 P	29 F	29 S	29 P	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 P
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 P	30 P	30 F	30 S	30 M
31 M	31 L	31 M	31 S	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M
18. nóvemberdagur	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
19. nóvemberdagur	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
20. nóvemberdagur	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
21. nóvemberdagur	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
22. nóvemberdagur	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3
23. nóvemberdagur	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
24. nóvemberdagur	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5
25. nóvemberdagur	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
26. nóvemberdagur	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7
27. nóvemberdagur	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
28. nóvemberdagur	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9
29. nóvemberdagur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
30. nóvemberdagur	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
1. desemberdagur	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
2. desemberdagur	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
3. desemberdagur	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
4. desemberdagur	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
5. desemberdagur	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
6. desemberdagur	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
7. desemberdagur	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
8. desemberdagur	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
9. desemberdagur	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
10. desemberdagur	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
11. desemberdagur	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
12. desemberdagur	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
13. desemberdagur	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
14. desemberdagur	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
15. desemberdagur	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
16. desemberdagur	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
17. desemberdagur	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
18. desemberdagur	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
19. desemberdagur	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
20. desemberdagur	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
21. desemberdagur	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
22. desemberdagur	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
23. desemberdagur	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3
24. desemberdagur	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
25. desemberdagur	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5
26. desemberdagur	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
27. desemberdagur	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7
28. desemberdagur	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
29. desemberdagur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
30. desemberdagur	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
31. desemberdagur	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12